

---

**Félagsvísindastofnun**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# Viðhorf innflytjenda á Vestfirðum og Austurlandi

Unnið fyrir Fjölmenningarsetur

Styrkt af Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga,  
Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Vinnumálastofnun

Nóvember 2004

**Heiður Hrund Jónsdóttir**

**Hildur Svavarsdóttir**

**Kristín Erla Harðardóttir**

**Friðrik H. Jónsson**

---

## Efnisyfirlit

<b>MYNDASKRÁ</b> .....	<b>3</b>
<b>TÖFLUSKRÁ</b> .....	<b>5</b>
BAKGRUNNSTÖFLUR .....	5
TÖFLUR YFIR FJÖLVALSSPURNINGAR .....	8
<b>I. INNGANGUR</b> .....	<b>10</b>
I.1. INNIHALD SKÝRSLUNNAR .....	10
I.2. UPPBYGGING SKÝRSLUNNAR .....	11
<b>II. NIÐURSTÖÐUR Í HNOTSKURN</b> .....	<b>12</b>
1. BÚSETA INNFLYTJENDA .....	12
2. RÉTTARSTAÐA INNFLYTJENDA .....	12
3. INNFLYTJENDUR OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA .....	12
4. TUNGUMÁLAKUNNÁTTA INNFLYTJENDA .....	13
5. ÞÁTTTAKA INNFLYTJENDA Í FÉLAGSSTARFI.....	13
6. NÝTING INNFLYTJENDA Á ÞJÓNUSTUÞÁTTUM .....	14
7. ATVINNA INNFLYTJENDA .....	14
<b>III. FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT</b> .....	<b>16</b>
III.1. FRAMKVÆMD .....	16
III.2. HEIMTUR.....	16
III.3. MARKTEKT .....	17
<b>IV. BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR</b> .....	<b>18</b>
IV.1. KYN OG HJÚSKAPARSTAÐA SVARENDA .....	18
IV.2. MENNTUN SVARENDA .....	18
IV.3. FÆÐINGARLAND SVARENDA .....	19
IV.4. ÁRAFJÖLDI SVARENDA Á ÍSLANDI SAMFLEYTT .....	20
<b>V. BÚSETA INNFLYTJENDA</b> .....	<b>21</b>
V.1. BÚSETA INNFLYTJENDA Á ÍSLANDI.....	21
V.2. HÚSNÆÐISMÁL OG BÚSETA BARNNA INNFLYTJENDA .....	24
V.3. SÝN INNFLYTJENDA Á JAFNRÉTTISMÁL .....	25
<b>VI. RÉTTARSTAÐA INNFLYTJENDA</b> .....	<b>28</b>
<b>VII. INNFLYTJENDUR OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA</b> .....	<b>30</b>
VII.2. BÖRN INNFLYTJENDA .....	31
<b>VIII. TUNGUMÁLAKUNNÁTTA INNFLYTJENDA</b> .....	<b>35</b>
VIII.1. MÓÐURMÁL INNFLYTJENDA .....	35
VIII.2. ÍSLENSKUKUNNÁTTA INNFLYTJENDA .....	36
VIII.3. ÞÁTTTAKA INNFLYTJENDA Í ÍSLENSKUNÁMSKEIÐUM.....	38
<b>IX. ÞÁTTTAKA INNFLYTJENDA Í FÉLAGSSTARFI</b> .....	<b>42</b>
IX.1. TRÚARBRÖGÐ INNFLYTJENDA .....	43
IX.2. PÓLITÍSK ÞÁTTTAKA INNFLYTJENDA .....	44
<b>X. NÝTING INNFLYTJENDA Á ÝMISSI ÞJÓNUSTU</b> .....	<b>49</b>

X.1. TÚLKAÞJÓNUSTA.....	49
X.2. ÞJÓNUSTA BÓKASAFNA .....	51
X.3. ÞJÓNUSTA STÉTTARFÉLAGA/VERKALÝÐSFÉLAGA.....	52
X.4. SKATTASKÝRSLA OG UPPLÝSINGAR .....	53
<b>XI. ATVINNA INNFLYTJENDA .....</b>	<b>56</b>
XI.1. NÁNAR UM STARF INNFLYTJENDA Á ÍSLANDI .....	60
XI.2. RÁÐNINGARSAMNINGAR INNFLYTJENDA .....	62
XI.3. ERFIÐLEIKAR Á VINNUSTAÐ .....	63
XI.4. NÝTING MENNTUNAR Í STARFI OG SÍMENNTUN .....	65
XI.6. ÁHUGI Á AÐ HEFJA REKSTUR Á EIGIN FYRIRTÆKI .....	67
<b>XII. VIÐAUKI 1.....</b>	<b>68</b>
<b>XIII. VIÐAUKI 2 .....</b>	<b>124</b>
<b>XIV. VIÐAUKI 3 .....</b>	<b>130</b>

## Myndaskrá

MYND V.1. HVAÐA ÁR FLUTTIR ÞÚ TIL ÍSLANDS?.....	21
MYND V.2. Í HVAÐA LANDSHLUTA BJÓST ÞÚ FYRST EFTIR AÐ ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS OG Í HVAÐA LANDSHLUTA BÝRÐ ÞÚ NÚNA?.....	22
MYND V.3. HVAÐ HAFÐIR ÞÚ HUGSAÐ ÞÉR AÐ BÚA LENGI Á ÍSLANDI ÞEGAR ÞÚ KOMST HINGAÐ FYRST?.....	23
MYND V.4. ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU GOTT EÐA SLÆMT FINNST ÞÉR AÐ BÚA Á ÍSLANDI?.....	24
MYND V.5. Í HVERNIG HÚSNÆÐI BÝRÐ ÞÚ ?.....	25
MYND V.6. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR HAFI STERKARI STÖÐU Á ÍSLANDI A) INNAN HEIMILISINS, B) Á VINNUMARKAÐI, C) Í NÁMI OG D) Í SAM- FÉLAGINU ALMENNT?.....	26
MYND V.7. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR HAFI STERKARI STÖÐU Í ÞÍNU HEIMALANDI A) INNAN HEIMILISINS, B) Á VINNUMARKAÐI, C) Í NÁMI OG D) Í SAM- FÉLAGINU ALMENNT?.....	26
MYND V.8. TELUR ÞÚ AÐ JAFNRÉTTI MILLI KARLS OG KONU Í SAMFÉLAGINU SÉ ALMENNT SÉÐ MEIRA, SVIPAÐ EÐA MINNA Í ÞÍNU HEIMALANDI EN Á ÍSLANDI?.....	27
MYND VI.1. FÉKKST ÞÚ FRÆÐSLU UM RÉTTINDI ÞÍN Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI ÞEGAR ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS?.....	28
MYND VII.1. ALDUR SVARENDA .....	30
MYND VII.2. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ LEIKSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU Á?.....	32
MYND VII.3. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ GRUNNSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU Í? .....	33
MYND VII.4. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ FRAMHALDSSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU Í? .....	34
MYND VIII.1. TALAR ÞÚ MÓÐURMÁL ÞITT VIÐ BÖRNIN ÞÍN?.....	35
MYND VIII.2. HVERSU GÓÐAN EÐA SLÆMAN SKILNING TELUR ÞÚ ÞIG HAFÁ Á ÍSLENSKU? .....	36
MYND VIII.3. HVERSU VEL EÐA ILLA TELUR ÞÚ ÞIG GETA TJÁÐ ÞIG Á ÍSLENSKU?.....	37
MYND VIII.4. HVERSU AUÐVELT EÐA ERFITT FANNST ÞÉR AÐ LÆRA ÞÁ ÍSLENSKU SEM ÞÚ KANNT?.....	37
MYND VIII.5. HEFUR ÞÚ SÓTT NÁMSKEIÐ I ÍSLENSKU, OG EF SVO ER HVE MÖRG? .....	39
MYND VIII.6. HVERSU GÓÐ EÐA SLÆM FINNST ÞÉR KENNSLAN? .....	39
MYND VIII.7. HVERSU GOTT EÐA SLÆMT FINNST ÞÉR NÁMSEFNIÐ? .....	40
MYND VIII.8. HVERSU VEL EÐA ILLA HEFUR ÞÉR FUNDIST ÞAÐ SEM ÞÚ LÆRÐIR Á ÍSLENSKUNÁMSKEIÐI/NÁMSKEIÐUM NÝTAST ÞÉR Í DAGLEGU LÍFI? .....	41
MYND IX.1. ÞÁTTTAKA Í FÉLAGSSTARFI OG FÉLAGSLÍFI.....	42
MYND IX.2. ERT ÞÚ SKRÁÐ(UR) Í TRÚFÉLAG Á ÍSLANDI OG EF SVO ER, HVAÐA TRÚFÉLAG? .....	43
MYND IX.3. PÓLITÍSK ÞÁTTTAKA. ....	44
MYND IX.4. HVERSU LÍKLEGT EÐA ÓLÍKLEGT TELURÐU AÐ ÞÚ KJÓ SIR Í NÆSTU SVEITAR- STJÓRNARKOSNINGUM, ÁRIÐ 2006? .....	45
MYND IX.5. HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR ALMENNT SÉÐ ÍSLENSKIR STJÓRNMÁLA- FLOKKAR EÐA FRAMBOÐ STANDA SIG Í AÐ KYNNA SIG OG SÍN MÁLEFNI FYRIR FÓLKI SEM SKILUR LITLA ÍSLENSKU? .....	46

MYND IX.6. HVERSU MIKINN EÐA LÍTINN ÁHUGA HEFUR ÞÚ Á AÐ TAKA ÞÁTT Í STARFI STJÓRN MÁLAFLOKKS EÐA ANNARRA PÓLÍTÍSKRA SAMTAKA Á ÍSLANDI FENGIR ÞÚ TÆKIFÆRI TIL ÞESS? .....	47
MYND IX.7. HVERSU LÍKLEGT EÐA ÓLÍKLEGT ER AÐ ÞÚ MYNDIR TAKA SÆTI Á FRAMBOÐSLISTA Á ÍSLANDI FENGIR ÞÚ TÆKIFÆRI TIL ÞESS? .....	48
MYND X.1. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA NOTFÆRT ÞÉR ÞJÓNUSTU TÚLKIS OG EF SVO ER, HVERSU OFT? .....	49
MYND X.2. HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR Í HVAÐA TILVIKUM ÞÚ ÁTT RÉTT Á AÐSTOÐ TÚLKIS HÉR Á ÍSLANDI, ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU?.....	50
MYND X.3. HVERSU VEL EÐA ILLA TREYSTIRÐU ÞÚ ÞVÍ AÐ TÚLKUR HALDI TRÚNAÐI YFIR ÞEIM UPPLÝSINGUM SEM KOMA FRAM Í SAMTÖLUM SEM ERU TÚLKUÐ FYRIR ÞIG? .....	51
MYND X.4. NOTFÆRIR ÞÚ ÞÉR ÞJÓNUSTU BÓKASAFNS OG EF SVO ER, HVERSU OFT FERÐ ÞÚ Á BÓKASAFNIÐ? .....	52
MYND X.5. HEFUR ÞÚ LEITAÐ TIL STÉTTARFÉLAGS Á ÍSLANDI OG EF SVO ER, FANNST ÞÉR ÞÚ FÁ GÓÐA EÐA SLÆMA ÞJÓNUSTU FRÁ STÉTTARFÉLAGINU?.....	53
MYND X.6. SÁST ÞÚ SJÁLF(UR) UM AÐ ÚTBÚA SKATTASKÝRSLUNA ÞÍNA Á ÞESSU ÁRI? EF EKKI, HVER ÚTBJÓ HANA MEÐ ÞÉR/FYRIR ÞIG? .....	54
MYND X.7. FRÁ HVERJUM TREYSTIR ÞÚ BEST UPPLÝSINGUM? .....	54
MYND XI.1. EF ÞÚ VARST EKKI Í LAUNAÐRI VINNU EÐA Í NÁMI Á SÍÐUSTU ÞREMUR MÁNUÐUM ÁÐUR EN ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS, VARSTU HEIMAVINNANDI, Í FÆÐINGARORLOFI, ATVINNULAUS EÐA FRÁ VINNU VEGNA VEIKINDA?.....	56
MYND XI.2. HVERT VAR ÞITT AÐALSTARF ÁÐUR EN ÞÚ KOMST TIL ÍSLANDS? .....	57
MYND XI.3. HVERT VAR ÞITT AÐALSTARF ÁÐUR EN ÞÚ KOMST TIL ÍSLANDS OG HVERT ER ÞITT AÐALSTARF Á ÍSLANDI Í DAG? .....	58
MYND XI.4. HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ UNNIÐ Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ? .....	59
MYND XI.5. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU Í ÞVÍ STARFI SEM ÞÚ ERT Í UM ÞESSAR MUNDIR? .....	61
MYND XI.6. HEFUR ÞÚ SKRIFAÐ UNDIR RÁÐNINGARSAMNING Í NÚVERANDI STARFI OG EF SVO ER, SKILDIR ÞÚ HVÆÐ ÞÚ SKRIFAÐIR UNDIR?.....	62
MYND XI.7. HEFUR ÞÚ VERIÐ ÞÁTTTAKANDI Í DEILUM Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM?.....	63
MYND XI.8. HEFUR Ú ORÐIÐ FYRIR ÓÞÆGILEGA MIKILLI STRÍÐNI EÐA HÆÐNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM?.....	64
MYND XI.9. HEFUR ÞÚ VERIÐ Í STARFI Á ÍSLANDI ÞAR SEM MENNTUN ÞÍN NÝTIST? EF EKKI, HVERS VEGNA? .....	65
MYND XI.10. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FREKARA NÁMI, OG EF SVO ER HVÆÐ MYNDI SLÍKT NÁM ÞÁ FELA Í SÉR? .....	66
MYND XI.11. HEFUR ÞÚ SÓTT EINHVER NÁMSKEIÐ, RÁÐSTEFNUR OG/EÐA NÁMSSTEFNUR SÍÐAN ÞÚ HÓFST STÖRF Á ÍSLANDI, VEGNA ÞESS STARFS SEM ÞÚ ERT Í EÐA TIL AÐ AUKA MÖGULEIKA ÞÍNA Á VINNUMARKAÐI? EF SVO ER, HVE MÖRG Á SÍÐASTLIÐNUM 12 MÁNUÐUM? .....	66
MYND XI.12. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ HEFJA EIGIN REKSTUR EÐA STOFNA FYRIRTÆKI, OG EF SVO ER HVERS KONAR REKSTUR EÐA FYRIRTÆKI?.....	67

## Töfluskrá

TAFLA III.1. HEIMTUR Í KÖNNUN .....	17
TAFLA IV.1. HVER ER HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN? .....	18
TAFLA IV.2. HVAÐA NÁMI/PRÓFUM HEFUR ÞÚ LOKIÐ? .....	19
TAFLA IV.3. Í HVAÐA LANDI ERT ÞÚ FÆDD(UR)? .....	19
TAFLA IV.4. Í HVAÐA LANDI ERT ÞÚ FÆDD(UR)? .....	20
TAFLA IV.5. Í HVERSU MÖRG ÁR HEFUR ÞÚ BÚIÐ SAMFLEYTT Á ÍSLANDI? .....	20
TAFLA VI.1. Í HVAÐA LANDI ERT ÞÚ MEÐ RÍKISBORGARARÉTT? .....	29
TAFLA VII.1. BARNAFJÖLDI .....	31
TAFLA VIII.1. HVERS VEGNA VAR ERFITT FYRIR ÞIG AÐ LÆRA ÍSLENSKU? .....	38
TAFLA IX.1. HVERS VEGNA KAUST ÞÚ EKKI Í SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUNUM Í MAÍ 2002? .....	44
TAFLA X.1. HVAÐAN FÆRÐU UPPLÝSINGAR UM HVAÐ ER AÐ GERAST Á ÍSLANDI? .....	55
TAFLA X.2. HVAÐAN FÆRÐU UPPLÝSINGAR UM HVAÐ ER AÐ GERAST Í HEIMALANDI ÞÍNU? .....	55
TAFLA XI.1. Í HVAÐA ATVINNUGREIN ER FYRIRTÆKIÐ/STOFNUNIN SEM ÞÚ STARFAÐIR HJÁ SÍÐUSTU ÞRJÁ MÁNUÐINA ÁÐUR EN ÞÚ KOMST TIL ÍSLANDS OG Í HVAÐA ATVINNUGREIN ER FYRIRTÆKIÐ SEM ÞÚ STARFAR HJÁ Á ÍSLANDI? .....	59
TAFLA XI.2. HVERSU MIKLAR VORU HEILDARTEKJUR HEIMILISINS Á ÍSLANDI ALLS Í SÍÐASTA MÁNUÐI, SVONA UM ÞAÐ BIL, FYRIR SKATT? .....	60
TAFLA XI.3. HVERT LEITAÐIR ÞÚ EFTIR AÐSTOÐ ÞEGAR ÞÚ HAFÐIR LENT Í ERFIÐLEIKUM Á VINNUSTAÐ? .....	64

### Bakgrunnstöflur

TAFLA 1. Í HVAÐA LANDSHLUTA BJÓST ÞÚ FYRST EFTIR AÐ ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS? .....	69
TAFLA 2. Í HVAÐA LANDSHLUTA BÝRÐ ÞÚ NÚNA? .....	69
TAFLA 3. HVAÐ HAFÐIR ÞÚ HUGSAÐ ÞÉR AÐ BÚA LENGI Á ÍSLANDI ÞEGAR ÞÚ KOMST HINGAÐ FYRST? .....	70
TAFLA 4. ERT ÞÚ MEÐ EFTIRFARANDI LEYFI Á ÍSLANDI? .....	70
TAFLA 5. HVAR Á ÍSLANDI MYNDIR ÞÚ HELST VILJA BÚA? .....	71
TAFLA 6. FÉKKST ÞÚ FRÆÐSLU UM RÉTTINDI ÞÍN Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI ÞEGAR ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS? .....	71
TAFLA 7. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Á ÍSLANDI HAFI STERKARI STÖÐU INNAN HEIMILISINS? .....	72
TAFLA 8. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Á ÍSLANDI HAFI STERKARI STÖÐU Á VINNUMARKAÐI? .....	72
TAFLA 9. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Á ÍSLANDI HAFI STERKARI STÖÐU Í NÁMI? .....	73
TAFLA 10. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Á ÍSLANDI HAFI STERKARI STÖÐU Í SAMFÉLAGINU ALMENNT? .....	73
TAFLA 11. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Í HEIMALANDI ÞÍNU HAFI STERKARI STÖÐU INNAN HEIMILISINS? .....	74
TAFLA 12. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Í HEIMALANDI ÞÍNU HAFI STERKARI STÖÐU Á VINNUMARKAÐI? .....	74
TAFLA 13. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Í HEIMALANDI ÞÍNU HAFI STERKARI STÖÐU Í NÁMI? .....	75
TAFLA 14. HVORT HELDUR ÞÚ AÐ KONUR EÐA KARLAR Í HEIMALANDI ÞÍNU HAFI STERKARI STÖÐU Í SAMFÉLAGINU ALMENNT? .....	75

TAFLA 15. TELUR ÞÚ AÐ JAFNRÉTTI (JÖFN STAÐA) MILLI KARLS OG KONU Í SAMFÉLAGINU SÉ ALMENNT SÉÐ MEIRA, SVIPAÐ EÐA MINNA Í ÞÍNU HEIMALANDI EN Á ÍSLANDI?.....	76
TAFLA 16. ERU TIL SAMTÖK EÐA FÉLAG SAMLANDA ÞINNA HÉR Á LANDI? .....	76
TAFLA 17. TEKUR ÞÚ ÞÁTT Í STARFI ÞESSARA SAMLANDA ÞINNA HÉR Á LANDI?.....	77
TAFLA 18. KAUST ÞÚ Í SÍÐUSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM, Í MAÍ 2002? .....	77
TAFLA 19. HVERSU LÍKLEGT EÐA ÓLÍKLEGT TELURÐU AÐ ÞÚ KJÓSIR Í NÆSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM, ÁRIÐ 2006?.....	78
TAFLA 20. HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR ALMENNT SÉÐ ÍSLENSKIR STJÓRNMÁLAFLOKKAR EÐA FRAMBOÐ STANDA SIG Í AÐ KYNNA SIG OG SÍN MÁLEFNI FYRIR FÓLKI SEM SKILUR LITLA ÍSLENSKU? .....	78
TAFLA 21. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMANN TEKIÐ ÞÁTT Í STARFI STJÓRNMÁLAFLOKKS EÐA ANNARRA PÓLÍTÍSKRA SAMTAKA Í HEIMALANDI ÞÍNU? .....	79
TAFLA 22. HVERSU MIKINN EÐA LÍTINN ÁHUGA HEFUR ÞÚ Á AÐ TAKA ÁTT Í STARFI STJÓRNMÁLAFLOKKS EÐA ANNARRA PÓLÍTÍSKRA SAMTAKA Á ÍSLANDI FENGIR ÞÚ TÆKIFÆRI TIL ÞESS? .....	80
TAFLA 23. HVERSU LÍKLEGT EÐA ÓLÍKLEGT ER AÐ ÞÚ MYNDIR TAKA SÆTI Á FRAMBOÐSLISTA A ÍSLANDI FENGIR ÞÚ TÆKIFÆRI TIL ÞESS? .....	80
TAFLA 24. ERT ÞÚ SKRÁÐ(UR) Í TRÚFÉLAG Á ÍSLANDI?.....	81
TAFLA 25. Í HVAÐA TRÚFÉLAG Á ÍSLANDI ERT ÞÚ SKRÁÐ(UR)?.....	81
TAFLA 26. GETUR ÞÚ SÓTT TRÚARSAMKOMUR Í ÞÍNU TRÚFÉLAGI ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ?..	82
TAFLA 27. HÉLST ÞÚ UPP Á JÓL SAMKVÆMT ÍSLENSKUM HEFÐUM Í DESEMBER 2003?..	82
TAFLA 28. GETUR ÞÚ TJÁÐ ÞIG Á FLEIRI TUNGUMÁLUM EN MÓÐURMÁLI ÞÍNU? .....	83
TAFLA 29. HVERSU GÓÐAN EÐA SLÆMAN SKILNING TELUR ÞÚ ÞIG HAFA Á ÍSLENSKU?..	83
TAFLA 30. HVERSU VEL EÐA ILLA TELUR ÞÚ ÞIG GETA TJÁÐ ÞIG Á ÍSLENSKU? .....	84
TAFLA 31. HVERSU AUÐVELT EÐA ERFITT FANNST ÞÉR AÐ LÆRA ÞÁ ÍSLENSKU SEM ÞÚ KANNT?.....	84
TAFLA 32. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ LÆRA ÍSLENSKU EÐA LÆRA HANA BETUR?.....	85
TAFLA 33. LANGAR ÞIG AÐ LÆRA EITTHVAÐ ANNAÐ TUNGUMÁL EN ÍSLENSKU? .....	85
TAFLA 34. HEFUR ÞÚ SÓTT NÁMSKEIÐ Í ÍSLENSKU? .....	86
TAFLA 35. HVE MÖRG NÁMSKEIÐ Í ÍSLENSKU HEFUR ÞÚ SÓTT?.....	86
TAFLA 36. HVERSU GÓÐ EÐA SLÆM FANNST ÞÉR KENNSLAN Á SÍÐASTA ÍSLENSKUNÁMSKEIÐI SEM ÞÚ FÓRST Á?.....	87
TAFLA 37. HVERSU GOTT EÐA SLÆMT FANNST ÞÉR NÁMSEFNIÐ Á SÍÐASTA ÍSLENSKUNÁMSKEIÐI SEM ÞÚ FÓRST Á?.....	87
TAFLA 38. HVERSU VEL EÐA ILLA HEFUR ÞÉR FUNDIST ÞAÐ SEM ÞÚ LÆRDIR Á ÍSLENSKUNÁMSKEIÐI/SKEIÐUM NÝTAST ÞÉR Í DAGLEGU LÍFI?.....	88
TAFLA 39. TALAÐI KENNAÐIÐ Á SÍÐASTA ÍSLENSKUNÁMSKEIÐI SEM ÞÚ FÓRST Á ENSKU ÞEGAR HANN VAR AÐ KENNA ÞÉR? .....	88
TAFLA 40. TALAR ÞÚ MÓÐURMÁL ÞITT VIÐ BÖRNIN ÞÍN? .....	89
TAFLA 41. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA NOTFÆRT ÞÉR ÞJÓNUSTU TÚLKS?.....	89
TAFLA 42. HVERSU OFT HEFUR ÞÚ NOTFÆRT ÞÉR ÞJÓNUSTU TÚLKS? .....	90
TAFLA 43. HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR Í HVAÐA TILVIKUM ÞÚ ÁTT RÉTT Á AÐSTOÐ TÚLKS HÉR Á ÍSLANDI, ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU? .....	90
TAFLA 44. HVERSU VEL EÐA ILLA TREYSTIR ÞÚ ÞVÍ AÐ TÚLKUR HALDI TRÚNAÐ YFIR ÞEIM UPPLÝSINGUM SEM KOMA FRAM Í SAMTÖLUM SEM ERU TÚLKUÐ FYRIR ÞIG? .....	91
TAFLA 45. ER AUÐVELT FYRIR ÞIG AÐ FÁ AÐSTOÐ TÚLKS Í ÞÍNU BÆJARFÉLAGI SEM TALAR MÓÐURMÁL ÞITT?.....	91
TAFLA 46. ÞEGAR ÞÚ FERÐ TIL LÆKNIS, GETURÐU GERT ÞIG SKILJANLEGA(N) GAGNVART HONUM ÁN ÞESS AÐ NOTA TÚLK? .....	92

TAFLA 47. HEFUR EINHVER ANNAR AÐILI EN TÚLKUR, TÚLKAÐ FYRIR ÞIG ÞEGAR ÞÚ HEFUR LEITAÐ TIL LÆKNIS? .....	92
TAFLA 48. NOTFÆRIR ÞÚ ÞÉR ÞJÓNUSTU BÓKASAFNS? .....	93
TAFLA 49. HVERSU OFT FERÐ ÞÚ Á BÓKASAFNIÐ? .....	93
TAFLA 50. HEFUR ÞÚ AÐGANG AÐ INTERNETINU?.....	94
TAFLA 51. ÁTT ÞÚ BÖRN? .....	94
TAFLA 52. HVE MÖRG BARNNA ÞINNA ERU YNGRI EN 18 ÁRA? .....	95
TAFLA 53. BÝR EITTHVERT BARNNA ÞINNA Á ÍSLANDI? .....	95
TAFLA 54. BÝR EITTHVERT BARNNA ÞINNA Í UPPRUNALANDI ÞÍNU? .....	96
TAFLA 55. ÁTT ÞÚ BARN/BÖRN Á LEIKSKÓLA?.....	96
TAFLA 56. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ LEIKSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU Á?.....	97
TAFLA 57. MÆTIR ÞÚ Í FORELDRAVIÐTÖL Í LEIKSKÓLANUM? .....	97
TAFLA 58. ÁTT ÞÚ BARN/BÖRN Í GRUNNSKÓLA?.....	98
TAFLA 59. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ GRUNNSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU Á?.....	98
TAFLA 60. MÆTIR ÞÚ Í FORELDRAVIÐTÖL Í GRUNNSKÓLANUM? .....	99
TAFLA 61. ÁTT ÞÚ BARN/BÖRN Í FRAMHALDSSKÓLA?.....	99
TAFLA 62. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ FRAMHALDSSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU Á?.....	100
TAFLA 63. VARST ÞÚ Í LAUNAÐRI VINNU, Í NÁMI EÐA HVORU TVEGGJA Á SÍÐUSTU ÞREMUR MÁNUÐUM ÁÐUR EN ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS? .....	100
TAFLA 64. VARST ÞÚ HEIMAVINNANDI, Í FÆÐINGARORLOFI, ATVINNULAUS EÐA FRÁ VINNU VEGNA VEIKINDA Á SÍÐUSTU ÞREMUR MÁNUÐUM ÁÐUR EN ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS? .....	101
TAFLA 65. HEFUR ÞÚ VERIÐ Í LAUNAÐRI VINNU, Í NÁMI EÐA HVORU TVEGGJA Á SÍÐUSTU ÞREMUR MÁNUÐUM HÉR Á LANDI? .....	101
TAFLA 66. HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ UNNIÐ Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ? .....	102
TAFLA 67. AÐSTOÐAÐI ÞIG EINHVER VIÐ AÐ FÁ ÞITT FYRSTA STARF? .....	103
TAFLA 68. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU Í ÞVÍ STARFI SEM ÞÚ ERT Í UM ÞESSAR MUNDIR? .....	103
TAFLA 69. HEFUR ÞÚ VERIÐ BEÐIN(N) AÐ VINNA YFIRVINNU EN NEITAÐ Á SÍÐASTLIÐNUM MÁNUÐI? .....	104
TAFLA 70. ÓTTAST ÞÚ ATVINNUMISSI EF ÞÚ NEITAR AÐ VINNA YFIRVINNU?.....	104
TAFLA 71. TÓKST ÞÚ VEIKINDADAGA Í SÍÐASTA MÁNUÐI?.....	105
TAFLA 72. TÓKST ÞÚ SUMARFRÍ Á ÁRINU 2003? .....	105
TAFLA 73. MYNDIR ÞÚ VILJA TAKA SUMARFRÍ UTAN HEFÐBUNDINS SUMARLEYFISTÍMA? .....	106
TAFLA 74. HEFUR ÞÚ SKRIFAÐ UNDIR RÁÐNINGARSAMNING Í NÚVERANDI STARFI?....	106
TAFLA 75. SKILDIR ÞÚ HVAÐ ÞÚ SKRIFAÐIR UNDIR ÞEGAR ÞÚ SKRIFAÐIR UNDIR RÁÐNINGARSAMNINGINN SEMTENGIST ÞVÍ STARFI SEM ÞÚ ERT Í NÚNA?.....	107
TAFLA 76. HEFUR ÞÚ VERIÐ ÞÁTTTAKANDI Í DEILUM VIÐ SAMSTARFSFÓLK Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM? .....	107
TAFLA 77. HEFUR ÞÚ VERIÐ ÞÁTTTAKANDI Í DEILUM VIÐ YFIRMANN/YFIRMENN Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM?.....	108
TAFLA 78. HEFUR ÞÚ VERIÐ ÞÁTTTAKANDI Í DEILUM VIÐ UNDIRMANN/UNDIRMENN Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM?.....	108
TAFLA 79. HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR ÓÞÆGILEGA MIKILLI STRÍÐNI EÐA HÆÐNI FRÁ SAMSTARFSFÓLKI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM? .....	109



TAFLA 80. HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR ÓÞÆGILEGA MIKILLI STRÍÐNI EÐA HÆÐNI FRÁ YFIRMANNI/YFIRMÖNNUM Á NÚVERANDI VINNUSTAD, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM?	109
TAFLA 81. TELUR ÞÚ ÞIG BÚA VIÐ BETRI, SVIPUÐ EÐA VERRI LAUNAKJÖR EN AÐRIR STARFSMENN Í FYRIRTÆKINU SEM ERU Í SAMBÆRILEGUM STÖRFUM?	110
TAFLA 82. HEFUR ÞÚ LENT Í ERFIÐLEIKUM Á VINNUSTAD?	111
TAFLA 83. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ HEFJA EIGIN REKSTUR EÐA STOFNA FYRIRTÆKI? ..	111
TAFLA 84. HVERS KONAR REKSTUR EÐA FYRIRTÆKI HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STOFNA?	112
TAFLA 85. HEFUR ÞÚ ÞEGAR STOFNAÐ EÐA HAFIÐ UNDIRBÚNING AÐ ÞVÍ AÐ STOFNA SLÍKAN REKSTUR EÐA FYRIRTÆKI?	112
TAFLA 86. HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR ÞJÓNUSTU STÉTTARFÉLAGS EÐA VERKALÝÐSFÉLAGS ÞÍNS?	113
TAFLA 87. HEFUR ÞÚ LEITAÐ TIL STÉTTARFÉLAGS Á ÍSLANDI?	113
TAFLA 88. FANNST ÞÉR ÞÚ FÁ GÓÐA EÐA SLÆMA ÞJÓNUSTU FRÁ STÉTTARFÉLAGINU/VERKALÝÐSFÉLAGINU?	114
TAFLA 89. AF HVERJU HEFUR ÞÚ EKKI LEITAÐ TIL STÉTTARFÉLAGSINS/VERKALÝÐSFÉLAGSINS?	114
TAFLA 90. HEFUR ÞÚ SÓTT EINHVER NÁMSKEIÐ, RÁÐSTEFNUR OG/EÐA NÁMSSTEFNUR SÍÐAN ÞÚ HÓFST STÖRF Á ÍSLANDI, VEGNA ÞESS STARFS SEM ÞÚ ERT Í EÐA TIL AÐ AUKA MÖGULEIKA ÞÍNA Á VINNUMARKAÐI?	115
TAFLA 91. HEFUR ÞÚ FENGIÐ NÁMSKEIÐSKOSTNAÐ ENDURGREIDDAN FRÁ STÉTTARFÉLAGI/VERKALÝÐSFÉLAGI?	115
TAFLA 92. ALDUR SVARENDA.....	116
TAFLA 93. Í HVAÐA LANDI Á MAKI ÞINN UPPRUNA SINN?	116
TAFLA 94. Í HVERNIG HÚSNÆÐI BÝRÐ ÞÚ?	117
TAFLA 95. FÆRÐU HÚSALEIGUBÆTUR?	117
TAFLA 96. FÆRÐU VAXTABÆTUR?	118
TAFLA 97. SÁST ÞÚ SJÁLF(UR) UM AÐ ÚTBÚA SKATTASKÝRSLUNA ÞÍNA Á ÞESSU ÁRI?	118
TAFLA 98. HVER ÚTBJÓ SKATTASKÝRSLUNA MEÐ ÞÉR/FYRIR ÞIG?	119
TAFLA 99. HEFUR ÞÚ VERIÐ Í STARFI Á ÍSLANDI ÞAR SEM MENNTUN ÞÍN NÝTIST?	119
TAFLA 100. AF HVERJU HEFUR ÞÚ EKKI, EÐA EINUNGIS AÐ HLUTA TIL, VERIÐ Í STARFI Á ÍSLANDI ÞAR SEM MENNTUN ÞÍN NÝTIST?	120
TAFLA 101. HEFUR ÞÚ REYNT AÐ FÁ MENNTUN ÞÍNA METNA HÉR Á LANDI?	120
TAFLA 102. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FREKARA NÁMI, ÖÐRU EN ÍSLENSKUNÁMI?	121
TAFLA 103. HVAÐ MYNDI SLÍKT NÁM FELA Í SÉR?	121
TAFLA 104. ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU GOTT EÐA SLÆMT FINNST ÞÉR AÐ BÚA Á ÍSLANDI?	122
TAFLA 105. TEKUR ÞÚ ÞÁTT Í FÉLAGSLÍFI?	122
TAFLA 106. HVERSU MIKLAR VORU HEILDARTEKJUR HEIMILISINS Á ÍSLANDI ALLS Í SÍÐASTA MÁNUÐI, SVONA UM ÞAÐ BIL, FYRIR SKATT?	123

### *Töflur yfir fjölvasspurningar*

TAFLA 1. AF HVERJU FLUTTIR ÞÚ TIL ÍSLANDS?	125
TAFLA 2. AF HVERJU VILT ÞÚ FLYTJA Á ANNAN STAÐ?	125
TAFLA 3. HVAR FÉKKST ÞÚ FRÆÐSLU UM RÉTTINDI ÞÍN Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI ÞEGAR ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS?	125
TAFLA 4. HVAÐAN FÆRÐU UPPLÝSINGAR UM HVAÐ ER AÐ GERAST Á ÍSLANDI?	125
TAFLA 5. HVAÐAN FÆRÐU UPPLÝSINGAR UM HVAÐ ER AÐ GERAST Í HEIMALANDI ÞÍNU?	126
TAFLA 6. HVAÐA LAND KALLAR ÞÚ HEIMALAND ÞITT?	126

TAFLA 7. Í HVAÐA LANDI ERT ÞÚ MEÐ RÍKISBORGARARÉTT? .....	126
TAFLA 8. AF HVERJU KAUST ÞÚ EKKI Í SÍÐUSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM, Í MAÍ 2002?.....	127
TAFLA 9. HVERS VEGNA TELUR ÞÚ AÐ ÞAÐ HAFI VERIÐ FREKAR EÐA MJÖG ERFITT FYRIR ÞIG AÐ LÆRA ÍSLENSKU? .....	127
TAFLA 10. AF HVERJU HEFUR ÞÚ EKKI FARIÐ Á ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ? .....	127
TAFLA 11. HEFUR EINHVER ANNAR AÐILI EN TÚLKUR, TÚLKAÐ FYRIR ÞIG ÞEGAR ÞÚ HEFUR LEITAÐ LÆKNIS? .....	128
TAFLA 12. HVAR HEFUR ÞÚ AÐGANG AÐ INTERNETINU? .....	128
TAFLA 13. HVER ER ÁSTÆÐA ÞESS AÐ ÞÚ MÆTIR EKKI Í FORELDRAVIÐTÖL Í LEIKSKÓLANUM?.....	128
TAFLA 14. HVER ER ÁSTÆÐA ÞESS AÐ ÞÚ MÆTIR EKKI Í FORELDRAVIÐTÖL Í GRUNNSKÓLANUM?.....	128
TAFLA 15. HVER AÐSTOÐAÐI ÞIG VIÐ AÐ FÁ ÞITT FYRSTA STARF Á ÍSLANDI?.....	129
TAFLA 16. HVERT LEITAÐIR ÞÚ EFTIR AÐSTOÐ ÞEGAR ÞÚ HAFÐIR LENT Í ERFIÐLEIKUM Á VINNUSTAÐ? .....	129
TAFLA 17. FRÁ HVERJUM TREYSTIR ÞÚ BEST UPPLÝSINGUM? .....	129

# I. Inngangur

## I.1. Innihald skýrslunnar

Í **kafla II** er að finna samantekt á helstu niðurstöðum hvers kafla skýrslunnar.

Í **kafla III** er fjallað um framkvæmd og heimtur könnunarinnar, meðal annars er skoðað hvernig könnunin endurspeglar þá hópa innflytjenda sem miðað var við á þessum svæðum. Einnig er fjallað um marktekt og hvernig marktækur munur milli hópa er táknaður.

Í **kafla IV** eru kynntar þær bakgrunnsbreytur sem notast er við í stórum hluta úrvinnslunnar. Þær bakgrunnsbreytur sem skoðaðar voru eru kyn og hjúskaparstaða, menntun, fæðingarland og árafjöldi samfleytt á Íslandi.

Í **kafla V** er fjallað um þætti sem viðkoma búsetu svarenda, bæði í tengslum við upprunaland/heimaland og búsetu þeirra hér á landi. Meðal annars er fjallað um ástæður fyrir flutning til Íslands, flutningi milli landshluta, húsnæðismál og búsetu barna. Auk þess eru skoðuð jafnréttismál, það er sýn svarenda á jafnréttismál bæði á Íslandi og í upprunalandi/heimalandi.

Í **kafla VI** er fjallað um réttarstöðu svarenda. Fjallað er um ríkisborgararétt svarenda, stöðu þeirra á Íslandi og fræðslu um réttindi í íslensku samfélagi.

Í **kafla VII** er fjallað um nokkur atriði er snúa að fjölskyldu svarenda, meðal annars skoðaður aldur svarenda, hjúskaparstaða, barnafjöldi og ánægja/óánægja með skólakerfið.

Í **kafla VIII** er fjallað um móðurmál svarenda, kunnáttu í öðrum tungumálum, íslenskukunnáttu og viðhorf til íslenskukennslu.

Í **kafla IX** er fjalla um þátttöku í félagsstarfi, en þar er skoðuð þátttaka í félagi samlanda, trúfélögum, pólitísk þátttaka og félagslíf.

Í **kafla X** er fjallað um ýmiskonar þjónustu sem stendur svarendum til boða, meðal annars þjónustu túlka, þjónustu bókasafna, þjónustu verkalýðsfélaga og hver veitir þeim þjónustu við gerð skattaskýrslu (framtals). Auk þess er skoðað hvar hópurinn fengi helst upplýsingar um bæði það sem væri að gerast hér á landi og í upprunalandi/heimalandi.

Í **kafla XI** er fjallað um þætti sem viðkoma atvinnu svarenda, bæði í upprunalandi/heimalandi og hér á Íslandi. Auk þess er fjallað um viðhorf þeirra til vinnunnar, vinnutíma og starfstengdrar símenntunar sem dæmi.

## *1.2. Uppbygging skýrslunnar*

Skýrslan skiptist upp í tíu meginkafla. Undir sumum köflum eru svo undirkaflar sem eru númeraðir sérstaklega. Spurningalistann í heild er að finna í viðauka 3.

Númer meginkaflanna er táknaður með rómverskum tölum og eru töflur og myndir númeraðar í samræmi við þá kafla sem þær eru í. Má sem dæmi nefna að fyrsta taflan í öðrum kafla er númeruð IV.1., sú næsta númeruð IV.2. o.s.frv.

Umfjöllun í skýrslu þessari er þannig byggð upp að ávalt kemur umfjöllun og vísun í mynd/töflu á undan myndinni/töflunni sjálfri. Svör eru greind eftir nokkrum bakgrunnspáttum svarenda og eru niðurstöður settar fram í töflum sem númeraðar eru sérstaklega. Þær eru ekki að finna í kaflanum sjálfum, jafnóðum og fjallað er um þær, heldur eru þær allar saman í viðauka 1. Töflurnar í viðauka eru ekki í þeirri röð sem vísað er í þær í textanum heldur í sömu röð og spurningarnar í spurningalistanum. Vísað er í þessar töflur sem bakgrunnstöflur til aðgreiningar frá þeim töflum sem settar eru fram jafnóðum og um þær er fjallað. Umfjöllun um svörin eftir bakgrunni fylgir ávallt á eftir hverri spurningu fyrir sig, þ.e. fjallað er um svörin eftir bakgrunni jafnóðum og fjallað er um spurningarnar almennt. Þegar fjallað er um mun eftir bakgrunnspáttum er ávallt átt við tölfræðilega marktækan mun<sup>1</sup>. Reynist munurinn ekki tölfræðilega marktækur er ekki fjallað um hann í texta. Því er ekki um að ræða tilviljunarkenndar ábendingar um samband heldur er numið staðar við þau atriði þar sem raunverulegur munur er milli svarenda. Auk þessa eru töflur í viðauka 2 sem byggja á þeim spurningum sem merkja mátti við fleiri en einn svarmöguleika en þau svör eru ekki greind eftir bakgrunni. Það sama á við um þær töflur eins og bakgrunnstöflurnar að þær eru settar fram í sömu röð og viðeigandi spurningar í spurningalistanum sjálfum.

Vekja má athygli á því að yfirleitt eru hlutfallstölur námundaðar við einn aukastaf sem gerir það að verkum að í einstaka tilfellum eru samanlagðar hlutfallstölur ekki 100% heldur 0,1% minna eða meira.

---

<sup>1</sup> Það er þar sem 95% eða meiri líkur eru á því að munur sem fram kemur meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi/alls erlends vinnuafis á Íslandi (Vestfjörðum og Austurlandi).

## II. Niðurstöður í hnotskurn

### 1. Búseta innflytjenda

- Um 55% af þátttakendum í könnun fluttu til Íslands á síðustu 5 árum, eða á árabílinu 1999-2004 (sjá mynd V.1 bls. 21).
- Tæplega helmingur svarenda vildi búa á sama stað á Íslandi og þeir búa nú. Af þeim sem helst vildu búa annarsstaðar vildu 64% búa á höfuðborgarsvæðinu en hinir vildu helst búa annars staðar á landsbyggðinni (sjá bls. 22).
- Um 39% innflytjenda bjó í eigin húsnæði, 32% í leiguhúsnæði á almennum markaði eða á vegum sveitarfélags og 14% bjuggu í húsnæði á vegum atvinnurekanda (sjá mynd V.5 bls. 25).
- Athygli vakti að um 42% svarenda áttu barn eða börn sem bjuggu í upprunalandi/heimalandi viðkomandi (sjá bakgrunnstöflu 54 í viðauka 1 bls. 96).
- Um 45% töldu að jafnrétti kynja væri minna í upprunalandi/heimalandi en hér á landi (sjá mynd V.8 bls. 27).

### 2. Réttarstaða innflytjenda

- Um 59% aðspurðra höfðu fengið einhverja fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til landsins, flestir hjá vinum eða ættingjum (sjá mynd VI.1 bls. 28 og einnig töflu 3 í viðauka 2 bls. 125).
- Því meiri menntun sem svarendur höfðu því síður höfðu þeir fengið fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til landsins (sjá bakgrunnstöflu 6 í viðauka 1 bls. 71).

### 3. Innflytjendur og fjölskyldur þeirra

- Um 72% svarenda var í hjónabandi eða sambúð (sjá blaðsíðu 30).
- Um 69% svarenda áttu börn (sjá töflu VII.1 bls. 30).
- Foreldrar sem áttu börn í leikskóla sögðu í 44% tilvika alltaf mætta í foreldraviðtöl hjá börnum sínum, 32% stundum og 24% mættu aldrei (sjá blaðsíðu 31).
- Af þeim 33 þátttakendum sem ekki mættu í foreldraviðtöl í leikskólanum sögðu 28% það vera vegna tungumálaerfiðleika (sjá töflu 13 í viðauka 2 bls. 128). Fjórir af þeim átta sem báru við tungumálaerfiðleikum höfðu notað túlk og aðeins einn þeirra þekkti ekki rétt sinn á aðstoð túlks.

- Foreldrar sem áttu börn í grunnskóla sögðust í 69% tilvika alltaf mæta í foreldraviðtöl hjá börnum sínum, um það bil 20% mættu stundum og 11% mættu aldrei (sjá blaðsíðu 33).
- Af þeim sem aldrei mættu í foreldraviðtöl báru 30% einstaklingar tungumálaerfiðleikum við, þrír af þeim höfðu notað túlk en tveir vissu ekki að þeir áttu rétt á aðstoð túlks (sjá töflu 14 í viðauka 2 bls. 128).

#### **4. Tungumálakunnátta innflytjenda**

- Yfir 70% svarenda töluðu alltaf móðurmál sitt við börn sín (sjá mynd VIII.1 bls. 35).
- Um 90% þeirra sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi eða háskólanámi gátu tjáð sig á fleiri tungumálum en móðurmáli sínu, en þetta hlutfall var 70% hjá þeim sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi eða grunnskólanámi (sjá bakgrunnstöflu 28 í viðauka 1 bls. 83).
- Þegar kom að íslenskukunnáttu voru það um 34% sem höfðu mjög eða frekar góðan skilning á íslensku og 23% höfðu frekar slæman eða mjög slæman skilning á íslensku (sjá mynd VIII.2 bls. 37).
- Þegar þátttakendur voru spurðir hvernig þeim gengi að tjá sig á íslensku, voru einungis 4% sem töldu sig geta tjáð sig vel á íslensku og 25% sem töldu sig geta tjáð sig frekar vel á móti 19% sem töldu sig geta tjáð sig frekar illa og 9% gátu tjáð sig mjög illa (sjá mynd VIII.3 bls. 37).
- Hjá 46% svarenda hafði kennarinn á síðasta íslenskunámskeiði talað ensku í kennslunni (sjá bls. 41).
- Meirihluti svarenda eða 92% höfðu áhuga á að læra íslensku eða vildu læra hana betur (sjá bakgrunnstöflu 32 í viðauka 1 bls. 85).
- 70% svarenda langaði auk þess að læra annað tungumál en íslensku (sjá bakgrunnstöflu 32 í viðauka 1 bls. 85).

#### **5. Þátttaka innflytjenda í félagsstarfi**

- Af þeim 32% sem vissu til þess að samtök eða félag samlanda væru til hér á landi tók um helmingur þátt í starfi þeirra (sjá mynd IX.1 bls. 42).
- Rúmlega helmingur svarenda tók þátt í almennu félagslífi af einhverju tagi, til dæmis tómstundastarfi, íþróttum, líkamsrækt, leiklist, kórastarfi eða öðru (sjá mynd IX.1 bls. 42).

- Um 26% svarenda kaus í síðustu sveitarstjórnarkosningum, í maí 2002 (sjá mynd IX.3 bls. 44).
- 21% svarenda hafði tekið þátt í starfi stjórnmalaflokks eða annarra pólitískra samtaka í upprunalandi/heimalandi sínu en aðeins 3% höfðu tekið þátt í slíku starfi hér á landi (sjá mynd IX.3. bls. 44).
- 74% töldu að það væri frekar eða mjög líklegt að þeir myndu kjósa í næstu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006 (sjá mynd IX.4. bls. 45).
- Tæpur helmingur svarenda taldi stjórnmalaflokka standa sig illa í að kynna sig og sín málefni fyrir fólki sem skilur litla íslensku (sjá mynd IX. 5 bls. 46).

### **6. Nýting innflytjenda á þjónustubáttum**

- Um 32% svarenda höfðu nýtt sér þjónustu túlks (sjá mynd X.1 bls. 49).
- Um 28% svarenda hafði ekki vitneskju um rétt sinn á aðstoð túlks í ákveðnum tilvikum sér að kostnaðarlausu (sjá mynd X.2 bls. 50).
- Um 44% sögðu að það væri auðvelt að fá aðstoð túlks í bæjarfélagi sínu (sjá bls. 51).
- Um það bil 2/3 svarenda höfðu aðgang að *internetinu*. Flestir þeirra höfðu aðgang heima hjá sér eða 59% (sjá töflu 12 í viðauka 2 bls. 128)
- Um það bil 60% svarenda höfðu kynnt sér þjónustu stéttarfélags/verkalýðsfélags síns. Af þeim höfðu 37% einhvern tíma leitað til þess. Flestir höfðu fengið góða þjónustu en þó voru um 29% sem töldu sig hafa fengið slæma þjónustu (sjá mynd X.5 bls. 53).
- Svarendur virtust fá mest af upplýsingum um hvað væri að gerast á Íslandi í gegnum sjónvarp og einnig fengu þeir mest af upplýsingum um hvað væri að gerast í heimalandi/upprunalandi í gegnum þann miðil (sjá töflu X.I bls. 55 og X.2 bls. 55).
- 58% svarenda treysti best upplýsingum frá opinberum aðilum eða öðrum félagsamtökum (sjá mynd X.7. bls. 54).

### **7. Atvinna innflytjenda**

- 74% svarenda voru virk á vinnumarkaði eða stunduðu nám síðustu þrjá mánuði áður en þeir komu til Íslands (sjá bls. 56).
- Mjög stór hluti svarenda, eða 93%, voru á vinnumarkaði á Íslandi þegar þeir svöruðu könnuninni. Þeir sem ekki voru á vinnumarkaði voru í námi,

heimavinnandi, fæðingarorlofi eða vegna annars. Atvinnuleysi var nær óþekkt (sjá bls. 57).

- Rúmlega 75% svarenda störfuðu hér á landi við fiskvinnslu og fiskveiðar (sjá töflu XI.1 bls. 59).
- Hlutfallslega mun fleiri svarendur voru í ósérhæfðum störfum hér á landi en í heimalandi, eða 50% á móti 8% (sjá mynd XI.3, bls. 58).
- Flestir svarendur töldu laun sín vera svipuð og hjá öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum á vinnustað þeirra. 8% svarenda töldu sig hafa betri laun en sambærilegir starfsmenn en 24% töldu launakjör sín heldur verri eða mun verri en aðrir í sambærilegum störfum á vinnustaðnum (sjá bls. 61-2).
- Þriðjungur svarenda vildi taka sér sumarfrí utan hefðbundins sumarleyfistíma (sjá bls. 62 og bakgrunnstöflu 71 í viðauka 1 bls. 105).
- Um 80% höfðu skrifað undir ráðningarsamning í núverandi starfi. Það var athyglisvert að um 62% höfðu ekki skilið samninginn að hluta til eða að öllu leyti (sjá mynd XI.6 bls. 62).
- Mjög hátt hlutfall svarenda, (88%), töldu menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi og 84 % svarenda höfðu ekki reynt að fá menntun sína metna hér á landi (sjá mynd XI.10 bls. 66).
- Helsta ástæðan fyrir því að menntun þeirra nýttist ekki virtist vera að þá skorti meiri kunnáttu í íslensku (sjá mynd XI.10 bls. 66).
- 66% höfðu áhuga á frekara námi (sjá mynd XI.11 bls. 66).
- 39% höfðu áhuga á því að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki (sjá mynd XI.12 bls. 67). Um 12% höfðu hafið undirbúning að stofnun fyrirtækis.



### **III. Framkvæmd, heimtur og marktekt**

#### ***III.1. Framkvæmd***

Á sumari og haustmánuðum 2004 kannaði Fjölmenningarsetrið á Ísafirði í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands viðhorf innflytjenda til ýmissa þátta á Íslandi, eins og búsetu, atvinnu og þjónustu. Könnunin var miðuð við innflytjendur frá Póllandi, Taílandi, Filippseyjum, Serbíu-Svartfjallalandi, Króatíu, Bosníu-Herzegóníu, Slóveníu og var framkvæmd á Vestfjörðum og Austurlandi. Frá Hagstofu Íslands fengust þær upplýsingar að árið 2003 voru um 550 einstaklingar frá þessum löndum í þessum landshlutum, ef miðað er við fæðingarland. Úrtak þessara könnunar náði til 368 manns eða 66,9% af heildarþýði hópsins<sup>2</sup>.

Fjölmenningarsetur sá um öll samskipti við hópinn sem könnunin var lögð fyrir og kynnti væntanlega könnun fyrir þeim. Könnunin var kynnt á ólíkan hátt eftir tungumáli hópana; sem dæmi var hún kynnt á vinnustöðum, á fundum en auk þess var hringt í aðra og leyfi fengið til að senda þeim spurningalista. Fyrir innflytjendum frá Póllandi var könnunin kynnt í 15 fyrirtækjum á svæðunum og starfsfólkið fékk listana með sér heim. Hringt var í þá einstaklinga frá Póllandi sem ekki vinna í þessum fyrirtækjum auk þess sem hringt var í fólk frá Filippseyjum, Serbíu, Króatíu, Bosníu og Hersegóvínu sem vitað var um og fengið leyfi til að senda spurningalista til þeirra. Haldinn var fundur fyrir innflytjendur frá Taílandi, þar sem efni könnunarinnar var kynnt fyrir þeim. Til að auka svörun var í október, hringt inn á 88 pólsk heimili með aðstoð túlks<sup>3</sup> og ítrekað við þátttakendur að senda inn útfylltan spurningalista. Þar sem ekki var vitað hverjir höfðu þegar sent inn spurningalista var reynt að ná inn á heimili allra sem höfðu skráð símanúmer og náðist í 86,4% af þeim heimilum sem höfðu skráðan síma.

#### ***III.2. Heimtur***

Í töflu III.1 má sjá yfirlit yfir heimtur í könnuninni. Alls bárust svör frá 214 manns og var það 58,1% af þeim sem lentu í úrtakinu. Svarhlutfall innan hvers tungumáls var frá um 85% af sendum listum niður í 38% af sendum listum.

---

<sup>2</sup> samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu ef miðað er við fæðingarland.

<sup>3</sup> en oft búa fleiri Pólverjar saman með sameiginlegan síma og auk þess höfðu ekki allir skráð símanúmer.

<b>Tafla III.1. Heimtur í könnun</b>			<i>Hlutfall</i>	
<i>Tungumál á lista</i>	<i>Fjöldi útsendra lista</i>	<i>Fjöldi innkominna lista</i>	<i>svara inna hvers tungumáls</i>	<i>hlutfall sem svarar</i>
Pólska	241	130	53,9	35,3
Enska	46	39	84,8	10,6
Taflenska	45	31	68,9	8,4
Serbneska/Króatíska	34	13	38,2	3,5
Íslenska	2	1	50	0,3
<b>Alls</b>	<b>368</b>	<b>214</b>	<b>--</b>	<b>58,1%</b>

### *III.3. Marktekt*

Í könnuninni eru reynsla og viðhorf flóttamanna á Íslandi könnuð eftir bakgrunni þeirra. Til að meta hvort munur á milli hópa væri tölfræðilega marktækur voru notuð viðeigandi marktektarpróf, yfirleitt kí-kvaðrat. Í töflum er táknað með stjörnu hvort munur á milli hópa var tölfræðilega marktækur. Þrjár stjörnur merkja að 99,9% líkur séu á því að munur sem fram kemur meðal svarenda sé einnig til staðar meðal alls erlends vinnuafis á Íslandi. Tvær stjörnur merkja að 99% líkur séu á að munur sé einnig til staðar í þýði og ein stjarna að líkurnar séu 95%. Í sumum tilvikum voru marktektarpróf ógild vegna fámennra hópa og er það merkt með skammstöfuninni óg.

## IV. Bakgrunnsupplýsingar

Hér verða kynntir þeir bakgrunnspættir sem notaðir voru við greiningu á reynslu og viðhorfum innflytjenda á Íslandi. Bakgrunnspættirnir eru: Kyn, hjúskaparstaða, menntun, fæðingarland og árafjöldi á Íslandi.

### IV.1. Kyn og hjúskaparstaða svarenda

Svarendur voru 140 konur og 70 karlar, tveir af hverjum þremur svarendum voru því konur (67%). Fjórir svarendur sögðu ekki til um kyn sitt. Eins og sjá má í töflu IV.1 var meirihluti svarenda í hjónabandi eða sambúð.

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Gift(ur)	120	56,1	57,7
Í sambúð	29	13,6	13,9
Ógift(ur)	42	19,6	20,2
Fráskilin(n)	12	5,6	5,8
Ekkja/ekkill	5	2,3	2,4
Svarar ekki	6	2,8	-
<b>Alls</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Í ljósi þess hve fámennir sumir hóparnir voru var hjúskaparstöðu skipt í tvo hópa í stað fimm í greiningu á gögnum. Þeir svarendur sem voru í hjónabandi eða sambúð fóru í annan flokkinn og þeir sem voru ekki í hjónabandi, fráskildir eða höfðu misst maka sinn í hinn. Með þessari skiptingu voru 149 í hjónabandi eða sambúð (72%) og 59 eða (28%) sem ekki voru í hjónabandi eða sambúð.

Ekki reyndist munur á konum á körlum en 67% karla og 75% kvenna voru í hjónabandi eða sambúð.

### IV.2. Menntun svarenda

Eins og sjá má í töflu IV.2 höfðu flestir lokið starfs- eða iðnnámi (31%) en 28% svarenda höfðu ekki lokið námi umfram grunnskólanám. Undir nám á háskólastigi flokkast þeir sem tekið hafa próf úr sérskólum, til dæmis tækniskólum og þeir sem hafa lokið námi í háskóla.

**Tafla IV.2. Hvaða námi/prófum hefur þú lokið?**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Námi á grunnskólastigi eða minna	54	25,2	27,7
Starfsnámi eða iðnnámi	60	28,0	30,8
Bóklegu námi á framhaldsskólastigi	33	15,4	16,9
Nám á háskólastigi	48	22,4	24,6
Öðru námi	11	5,1	-
Svarar ekki	8	3,7	-
<b>Alls</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Ekki var munur á menntun karla og kvenna en hlutfallslega fleiri þeirra sem voru í hjónabandi eða sambúð höfðu lokið námi umfram grunnskólanám og fólst sá munur að mestu leyti í því hve hlutfallslega margir höfðu lokið starfs- eða iðnnámi.

### *IV.3. Fæðingarland svarenda*

Í töflu IV.3 má sjá skiptingu svarenda eftir fæðingarlandi. Eins og sjá má voru fáir svarendur frá nokkrum löndum og því voru þeir sameinaðir í stærri hópa. Endanlega flokkun má sjá í töflu IV.4.

**Tafla IV.3. Í hvaða landi ert þú fædd(ur)?**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall Sem svarar</i>
Póllandi	124	57,9	58,5
Filippseyjum	24	11,2	11,3
Taílandi	31	14,5	14,6
Fyrrum Júgóslavíu	15	7,0	7,1
Öðru landi	18	8,4	8,5
Svarar ekki	2	0,9	-
<b>Alls</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Í endanlegri flokkun nær *Asía* yfir svarendur sem eru fæddir á Filippseyjum og í Taílandi og öll lönd utan Asíu og Póllands eru sett saman undir heitinu *öðru landi*. Þau lönd sem falla í þann flokk eru, Suður Afríka, Zimbabwe, Ástralía. Nýja Sjáland, Bandaríkin, Perú, Rússland, Hvíta Rússland og fyrrum Júgóslavía (þ.e. Serbía-Svartfjallaland, Bosnía-Herzegónía, Króatía og Slóvenía). Eins og sjá má í töflu IV.4 átti meirihluti svarenda uppruna sinn í Póllandi eða tæp 60%.

<b>Tafla IV.4. Í hvaða landi ert þú fædd(ur)?</b>			
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall Sem svarar</i>
Póllandi	124	57,9	58,5
Asíu	55	25,7	25,9
Öðru landi	33	15,4	15,6
Svarar ekki	2	0,9	-
<b>Alls</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Ekki var munur á konum og körlum þegar litið var til fæðingarlands né því hvort fólk var í hjónabandi eða sambúð eða ekki. Hlutfallslega mun færri þeirra sem fæddir voru í Asíu höfðu lokið námi umfram grunnskólanám og yfir helmingur þeirra sem fæddir voru í Póllandi höfðu lokið starfs- eða iðnnámi en nánast enginn sem fæddur var í öðru landi. Allir nema tveir af þeim sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi komu frá Póllandi og ber að hafa það í huga þegar túlkaður er munur svarenda eftir menntun annars vegar og fæðingarlandi hins vegar.

#### *IV.4. Árafjöldi svarenda á Íslandi samfleytt*

Spurt var í hversu mörg ár svarendur hefðu búið samfleytt á Íslandi. Eins og má sjá í töflu IV.5 hafði fimmtungur svarenda búið á Íslandi í innan við þrjú ár og um 35% í sjö ár eða lengur.

<b>Tafla IV.5. Í hversu mörg ár hefur þú búið samfleytt á Íslandi?</b>			
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Innan við þrjú ár	39	18,2	20,4
Frá þremur árum og allt að fimm árum	42	19,6	22,0
Frá fimm árum og allt að sjö árum	44	20,6	23,0
Sjö ár eða meira	66	30,8	34,6
Svarar ekki	23	10,7	-
<b>Alls</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Hlutfallslega fleiri karlar en konur höfðu verið búsett hér á landi skemur en þrjú ár og hlutfallslega töluvert fleiri konur en karlar höfðu búið hér á landi í sjö ár eða meira. Að jafnaði höfðu fleiri þeirra sem voru í hjónabandi eða sambúð búið á Íslandi í þrjú ár eða lengur. Ekki reyndist munur á búsetutíma fólks á Íslandi eftir menntun eða fæðingarlandi.


## V. Búseta innflytjenda

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum spurninga um upprunaland/heimaland þátttakenda og búsetu þeirra á Íslandi. Meðal annars var spurt um ástæður þess að flutt var til Íslands, flutninga milli landshluta, húsnæðismál og búsetu barna. Auk þess er fjallað um jafnréttismál í þessum kafla þar sem svarendur voru beðnir að bera saman stöðu kynja bæði á Íslandi og í upprunalandi/heimalandi sínu.

Þegar spurt var um hvaða land svarendur litu á sem heimaland sitt kom í ljós að 54% litu á Pólland sem sitt heimaland, 12% nefndu Taíland, 11% Filippseyjar og 9% nefndu Ísland. Rúm 6% nefndu svo fyrrum Júgóslavíu. Tæplega 8% nefndu eitthvað annað land (Ástralía, Nýja Sjáland, Perú, Suður Afríka, Rússland, Hvíta Rússland, Bandaríkin og Zimbabve). Hér gátu svarendur merkt við allt sem við átti og skýrir það hvers vegna samanlagt hlutfall svara er yfir 100% (sjá einnig töflu 6 í viðauka 2). Alls nefndu 17 manns tvö lönd sem heimaland sitt og af þeim voru 16 sem nefndu Ísland sem annað af þessum tveimur löndum. Fjórir af þeim höfðu búið hér í þrjú ár og allt að fimm árum, aðrir fjórir í fimm ár og allt að sjö árum og sjö þeirra höfðu búið hér á landi í sjö ár eða lengur.


### V.1. Búseta innflytjenda á Íslandi

Rúmur helmingur þátttakenda í könnuninni flutti til Íslands á síðustu 5 árum, eða á árabílinu 1999-2004 eins og sjá má á mynd V.1.



Mynd V.1. Hvaða ár fluttir þú til Íslands?


Flestir höfðu búið samfellt á Íslandi síðan þeir fluttu hingað. Meirihluti svarenda hafði fyrst flutt til Vestfjarða eða Austurlands. Svo virtist sem ákveðin hreyfanleiki væri á hópnum sem kemur fram í að fólk var að flytja eins og sjá má á mynd V.2 þar sem sýnt er til hvaða landshluta svarendur fluttu í upphafi og svo núverandi búsetu. Könnunin var aðeins lögð fyrir fólk á Vestfjörðum og á Austurlandi en eins og sjá má mynd V.2 bjuggu svarendur víðar. Það sem gæti skýrt þetta er að svarendur hafi flutt á meðan þeir höfðu spurningalistann í höndunum eða búið að ákveðan flutning og skráð þann landshluta sem það stefndi á að flytjast til. Það voru 18 svarendur sem sögðust búa annars staðar en á Austurlandi eða Vestfjörðum. Af þeim höfðu sex manns verið hér á landi í innan við þrjú ár og sjö þeirra í sjö ár eða lengur.



Mynd V.2. Í hvaða landshluta bjóst þú fyrst eftir að þú fluttir til Íslands og í hvaða landshluta býrð þú núna?

Rúmlega helmingur (56%) hafði flutt til Íslands til þess að stunda vinnu. Um 17% höfðu flutt vegna tengsla við fólk sem bjó eða býr á Íslandi (til dæmis ættingja eða vina), 10% vegna forvitni og 9% vegna sambúðar/hjónabands við íslenskan maka. Þá nefndu 8% aðrar ástæður, til dæmis flóttamaður, nám (sjá töflu 1 í viðauka 2).

Mjög stór hópur hafði ekki gert það upp við sig við komuna til Íslands hvað þeir ætluðu að búa lengi hér á landi. Nokkuð stór hópur hafði allt að þrjú ár í huga en um 14% höfðu þegar ákveðið að búa á Íslandi til frambúðar eins og sjá má á mynd V.3.




Mynd V.3. Hvað hafðir þú hugsað þér að búa lengi á Íslandi þegar þú komst hingað fyrst?

Rétt tæplega helmingur svarenda vildi búa á sama stað á Íslandi og þeir búa nú. Af þeim sem helst vildu búa annars staðar vildu 64% búa á höfuðborgarsvæðinu en hinir vildu helst búa annars staðar á landsbyggðinni. Þegar spurt var hvers vegna þeir vildu flytja annað kom í ljós að betri atvinnumöguleikar (38%) og óskir um að búa í stærra samfélagi (34%) réðu mestu hjá þeim 107 sem tilgreindu ástæðu. Einnig vildu 15% flytja til að vera í námunda við vini og ættingja (sjá töflu 2 í viðauka 2).

Svarendur sem fæddir voru í Póllandi vildu síst búa á sama stað og þeir búa nú og vildu þeir einna helst búa á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem fæddir voru á Taílandi eða Filippseyjum vildu yfirleitt ekki búa annars staðar en þeir gerðu nú. Sá hluti fólks sem fæddur var á Taílandi og Filippseyjum og vildi flytja hafði frekar í huga búsetu á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er ólíkt viðhorfum þeirra sem fæddir eru á Póllandi eða í einhverju af hinum löndunum. Þeir sem búið höfðu á Íslandi í sjö ár eða meira vildu oftast búa áfram þar sem þeir voru. Hlutfallslega flestir þeirra sem höfðu verið búsettir hér á landi í innan við þrjú ár vildu flytja á höfuðborgarsvæðið. Nánari upplýsingar um mun milli hópa svarenda er að finna í bakgrunnstöflu 5 í viðauka 1.



Að lokum voru þátttakendur spurðir hvernig þeim þætti að búa á Íslandi þegar á heildina væri litið. Tæpum þriðjungi fannst það mjög gott og um helmingi frekar gott eins og sjá má á mynd V.4.




Mynd V.4. Þegar á heildina er litið, hversu gott eða slæmt finnst þér að búa á Íslandi?

Hlutfallslega fleiri konum en körlum þótti mjög eða frekar gott að búa á Íslandi. Því lengur sem svarendur höfðu búið á Íslandi því betra þótti þeim að búa hér. Sem dæmi má taka að 64% þeirra sem búið höfðu hér á landi í innan við þrjú ár sögðu það frekar eða mjög gott að búa á Íslandi á móti 92% þeirra sem hér höfðu búið í sjö ár eða lengur (sjá bakrunnstöflu 104 í viðauka 1).

## V.2. Húsnæðismál og búseta barna innflytjenda

Aðspurðir um húsnæðismál reyndust 39% búa í eigin húsnæði og 32% í leiguhúsnæði á almennum markaði eða á vegum sveitarfélags. Nokkuð margir bjuggu í húsnæði á vegum þess fyrirtækis sem þeir unnu hjá (mynd V.5). Yfir 90% þeirra sem bjuggu í húsnæði á vegum þess fyrirtækis sem þeir unnu hjá störfuðu við fiskveiðar eða fiskvinnslu. Aðrir störfuðu að menntamálum. Heildartekjur heimilisins hjá rúmum 80% þeirra sem bjuggu í húsnæði á vegum fyrirtækisins voru minni en 150 þús. kr. á mánuði.



Mynd V.5. Í hvernig húsnæði býrð þú ?


Þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð bjuggu oftast í eigin húsnæði. Svarendur frá Póllandi bjuggu sjaldnar en aðrir í eigin húsnæði. Eftir því sem tímalengd dvalar á Íslandi var lengri, því fleiri bjuggu í eigin húsnæði. Minnihluti svarenda, eða um 30%, sagðist fá húsaleigubætur eða vaxtabætur.

Um það bil 42% svarenda áttu barn eða börn sem bjuggu í upprunalandi/heimalandi viðkomandi og hjá 15% svarenda bjó ekkert barna þeirra á Íslandi.

Þeir sem fæddir voru í Thailandi eða Filippseyjum áttu helst barn eða börn í upprunalandi/heimalandi sínu eða 64% þeirra. Um það bil 41% þeirra sem fæddir voru í Póllandi áttu barn eða börn þar í landi og 17% þeirra sem fæddir voru í öðru landi áttu barn/börn í upprunalandi/heimalandi sínu (sjá bakgrunnstöflu 54 í viðauka 1).


### V.3. Sýn innflytjenda á jafnréttismál

Þrjár spurningar fjölluðu um jafnréttismál, bæði á Íslandi og í upprunalandi/heimalandi svarenda. Fyrst var spurt um stöðu kvenna og karla á Íslandi. Svarendur töldu kynin standa álíka gagnvart námi og í samfélaginu almennt en staða karla væri sterkari á vinnumarkaði og staða kvenna væri sterkari innan heimilisins (mynd V.6). Ekki reyndist munur á svörum karla og kvenna og ekki skipti máli hvort svarendur voru í hjónabandi/sambúð eða ekki (sjá bakgrunnstöflur 7-10 í viðauka 1).



Mynd V.6. Hvort heldur þú að konur eða karlar hafi sterkari stöðu á Íslandi a) innan heimilisins, b) á vinnumarkaði, c) í námi og d) í samfélaginu almennt?

Þegar spurt var um upprunaland/heimaland var niðurstaða svipuð fyrir nám en karlar höfðu mun sterkari stöðu í samfélaginu almennt og á vinnumarkaði. Það var einnig athyglisvert að mun fleiri töldu stöðu karla innan heimilisins sterkari í upprunalandi/heimalandi sínu en á Íslandi (mynd V.7).




Mynd V.7. Hvort heldur þú að konur eða karlar hafi sterkari stöðu í þínu heimalandi a) innan heimilisins, b) á vinnumarkaði, c) í námi og d) í samfélaginu almennt?

Þeir sem ekki höfðu lokið námi umfram grunnskólanám töldu mun síður en aðrir að konur í upprunalandi/heimalandi þeirra hefðu sterkari stöðu en karlar innan

heimilisins en þeim mun frekar að kynin hefðu jafn sterka stöðu inni á heimilinu. Þeir sem höfðu starfs- eða iðnmenntun eða háskólamenntun töldu síður að karlar í upprunalandi/heimalandi þeirra hefðu sterkari stöðu en konur innan heimilisins. Þriðjungur þeirra sem fæddir voru í Póllandi sögðu konur í sínu upprunalandi/heimalandi hafa sterkari stöðu innan heimilisins en karlar en 30-40% þeirra sem fæddir voru annars staðar voru á þessari skoðun. Þeir sem fæddir voru í Thailandi eða Filippseyjum voru þeir sem einna helst sögðu kynin hafa jafn sterka stöðu innan heimilisins (sjá bakgrunnstöflu 11 í viðauka 1).

Á mynd V.8 má svo sjá að 45% töldu að jafnrétti kynja væri minna í upprunalandi/heimalandi, 40% fannst að jafnrétti væri svipað og 15% að jafnrétti væri meira í upprunalandi/heimalandi þeirra.




**Mynd V.8. Telur þú að jafnrétti milli karls og konu í samfélaginu sé almennt séð meira, svipað eða minna í þínu heimalandi en á Íslandi?**

## VI. Réttarstaða innflytjenda

Í þessum kafla eru niðurstöður um ríkisborgararétt svarenda, stöðu þeirra á Íslandi og fræðslu um réttindi í íslensku samfélagi. Af 214 svarendum voru 23% með íslenskan ríkisborgararétt. Stærsti hópurinn var með búsetuleyfi (48%) og 29% voru með tímabundið atvinnuleyfi eða tímabundið dvalarleyfi.

Eins og sjá má á mynd VI.1 hafði ríflega helmingur þátttakenda fengið einhverja fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi og fengu flestir þessa fræðslu hjá vinum eða ættingjum (sjá einnig töflu 3 í viðauka 2).



Mynd VI.1. Fékkst þú fræðslu um réttindi þín í íslensku samfélagi þegar þú fluttir til Íslands?

Því meiri menntun sem svarendur höfðu því síður fengu þeir fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til Íslands. Hlutfallslega mun fleiri þeirra sem fæddir voru í Taílandi eða Filippseyjum fengu fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi heldur en þeir sem fæddir voru annars staðar (sjá bakgrunnstöflu 6 í viðauka 1).

Þegar spurt var um í hvaða landi svarendur væru með ríkisborgararétt reyndust flestir hafa ríkisborgararétt í Póllandi (51%). Þar næst kom Ísland en 21% hafði íslenskan ríkisborgararétt. Í töflu VI.1 má sjá hvernig skipting þátttakenda var en fjöldatölur eru nokkuð hærri en heildarfjöldi þátttakenda vegna þess að nokkrir svarendur voru með ríkisborgararétt í tveimur löndum. Allir þeir 33 sem höfðu

tvöfaldan ríkisborgararétt höfðu ríkisborgararétt á Íslandi annars vegar og í heimalandi/upprunalandi sínu hins vegar. Einn af þessum 33 hafði búið á Íslandi skemur en í þrjú ár, einn í þrjú ár og allt að fimm árum, fjórir í fimm ár og allt að sjö árum og 24 í sjö ár eða lengur.

**Tafla VI.1. Í hvaða landi ert þú með ríkisborgararétt?**


	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Póllandi	125	50,6	58,7
Íslandi	51	20,6	23,9
Taílandi	28	11,3	13,1
Filippseyjum	16	6,5	7,5
Fyrrum Júgóslavíu	14	5,6	6,6
Öðru landi	13	5,3	6,1
<b>Alls</b>	<b>247</b>	<b>100,0%</b>	<b>115,9%</b>

\* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

## VII. Innflytjendur og fjölskyldur þeirra

Í þessum kafla er greint frá nokkrum atriðum er snúa að aldri svarenda, fjölskyldu svarenda, svo sem hjúskaparstöðu, barnafjölda og ánægju með skólakerfið.

Meðalaldur svarenda var 36 ár, þeir yngstu voru 18 ára og sá elsti 63 ára. Eins og sjá má á mynd VII.1 voru 40% á aldrinum 26-35 ára og tæplega fjórðungur var eldri en 45 ára.



Mynd VII.1. Aldur svarenda

Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru 25 ára eða yngri og færri þeirra voru eldri en 45 ára. Það kom ekki á óvart að þeir sem ekki voru í hjónabandi eða sambúð voru í mun meiri mæli í yngsta aldursflokknum en þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð. Eins og við var að búast var samband milli menntunar og aldurs. Þeir sem lokið höfðu háskólanámi voru eldri en þeir sem lokið höfðu styttra námi. Þeir sem höfðu verið hér á landi í innan við þrjú ár voru að stórum hluta í yngsta aldurshópnum (sjá bakgrunnstöflu 92 í viðauka 1).

Rúmur helmingur svarenda, (58%), var í hjónabandi og 14% í sambúð og í áframhaldandi umfjöllun verður miðað við fólk í hjónabandi/í sambúð (72%) annars vegar og svo einhleypa hins vegar (28%).

Þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð voru spurðir hvaðan maki þeirra væri. Hjá 51% var Pólland upprunaland/heimaland maka og hjá 29% var það Ísland. Filippseyjar voru upprunaland/heimaland maka um það bil 6% svarenda en færri komu frá öðrum löndum.

Konur áttu mun frekar íslenskan maka en karlar. Þeir sem fæddir voru í Póllandi áttu helst maka frá sama landi en 60% þeirra sem fæddir voru í Taílandi eða Filippseyjum áttu íslenskan maka. Þeir sem búsettir höfðu verið á Íslandi í fimm ár eða meira áttu frekar íslenskan maka en þeir sem höfðu verið búsettir hér á landi í skemmri tíma (sjá bakgrunnstöflu 93 í viðauka 1).

## VII.2. Börn innflytjenda

Mikill meirihluti svarenda átti börn eða 69% eins og sjá má í töflu VII.1.


<b>Tafla VII.1. Barnafjöldi</b>		
	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>
Eitt barn	33,1	44
Tvö börn	39,8	53
Þrjú börn	18,0	24
Fjögur eða fleiri börn	9,0	12
<b>Alls</b>	<b>100%</b>	<b>133</b>

Þeir sem voru í hjónabandi/sambúð áttu í 80% tilvika barn eða börn en 44% þeirra sem hvorki voru í hjónabandi né sambúð áttu barn eða börn. Þeir sem höfðu verið búsettir á Íslandi í innan við þrjú ár áttu sjaldnar barn eða börn (sjá bakgrunnstöflu 51 í viðauka 1).

Hjá 16% svarenda voru öll börn þeirra 18 ára eða eldri. Af þeim sem áttu barn eða börn áttu þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð frekar barn eða börn sem voru yngri en 18 ára en þeir sem ekki voru í hjónabandi eða sambúð. Þeir sem búsettir höfðu verið hér á landi í þrjú ár eða allt að fimm árum áttu síður börn yngri en 18 ára en þeir sem búsettir höfðu verið hér á landi ýmist lengur eða skemur (sjá bakgrunnstöflu 52 í viðauka 1).

Þeir þátttakendur sem áttu börn voru spurðir um álit þeirra á leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum eftir því sem átti við um aldur barna þeirra. Um 40% svarenda áttu barn eða börn á leikskóla og voru 72% þeirra mjög eða frekar ánægðir með leikskóla barna sinna eins og sjá má á mynd VII.2.






**Mynd VII.2. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með leikskólann sem barnið þitt/börnin þín eru á?**

Þegar spurt var um hvort svarendur færu í foreldraviðtöl í leikskólanum reyndust 44% alltaf mæta, 32% stundum og 24% mættu aldrei í foreldraviðtölin.

Konur mættu mun frekar í viðtölin en karlar (sjá bakgrunnstöflu 57 í viðauka 1). Þeir sem mættu stundum eða aldrei voru spurðir hvers vegna og var það þá yfirleitt vegna þess að maki mætti alltaf í foreldraviðtölin (41%). Af þeim 33 sem ekki mættu alltaf í foreldraviðtöl í leikskólanum sögðu 28% svarenda það vera vegna tungumálaerfiðleika (sjá töflu 13 í viðauka 2). Fjórir af þeim átta sem báru við tungumálaerfiðleikum höfðu notað túlk og aðeins einn þeirra þekkti ekki rétt sinn til aðstoðar túlks.

Helmingur svarenda átti barn eða börn í grunnskóla. Þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð áttu frekar barn eða börn á grunnskólaaldri en þeir sem ekki voru í hjónabandi eða sambúð. Þeir sem búsettir höfðu verið á Íslandi í innan við þrjú ár eða í sjö ár eða meira áttu síður barn eða börn í grunnskóla heldur en þeir sem búsettir höfðu verið hér á landi í þrjú ár eða allt að sjö árum (sjá bakgrunnstöflu 58 í viðauka 1).


Á mynd VII.3 má sjá viðhorf svarenda almennt til grunnskólans sem börn þeirra eru í.



**Mynd VII.3. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með grunnskólann sem barnið þitt/börnin þín eru í?**

Mjög svipað hlutfall foreldra voru ánægð með grunnskólann eins og voru með leikskólann eða 75%. Nokkuð fleiri sögðust alltaf mæta í foreldraviðtöl í grunnskólanum heldur en í leikskólanum (69%). Um það bil 20% mættu stundum í foreldraviðtöl í grunnskólanum og 11% mættu aldrei. Þeir sem mættu stundum eða aldrei voru spurðir hvers vegna og þá voru nefndar svipaðar ástæður og vegna foreldraviðtala í leikskóla. Um helmingur, þeirra 17 sem tilgreindu ástæðu þess að þeir mættu ekki alltaf í foreldraviðtöl í grunnskólanum, sagði maka sinn sjá um að mæta í foreldraviðtöl og um 30% báru við tungumálaerfiðleikum (sjá töflu 14 í viðauka 2). Þrír af þeim fimm sem báru við tungumálaerfiðleika höfðu notað túlk en tveir vissu ekki að þeir höfðu rétt á aðstoð túlks.

Að lokum var spurt um framhaldsskóla en 28% svarenda áttu barn eða börn á því skólastigi. Sem fyrr var það meirihluti foreldra sem voru mjög eða frekar ánægð með skólann almennt, sjá mynd VII.4.



**Mynd VII.4. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með framhaldsskólann sem barnið þitt/börnin þín eru í?**


## VIII. Tungumálakunnátta innflytjenda

Hér verður fjallað um kunnáttu í móðurmáli svarenda, kunnáttu í öðrum tungumálum, íslenskukunnáttu og viðhorf til íslenskukennslu.

### VIII.1. Móðurmál innflytjenda

Pólska var móðurmál rúmlega helmingis þátttakenda sem var í samræmi við hlutföll svarenda í úrtaki (sjá töflu IV.3a í kafla um bakgrunnsupplýsingar). Önnur tungumál sem voru nefnd sem móðurmál svarenda voru til dæmis taflenska, Tagalog (sem er hið opinbera tungumál Filippseyja), serbneska, slóvenska og enska.

Yfir 70% svarenda töluðu alltaf móðurmál sitt við börn sín eins og sjá má á mynd VIII.1. Einungis 3% töluðu móðurmál sitt sjaldan eða aldrei við börn sín.




Mynd VIII.1. Talar þú móðurmál þitt við börnin þín?

Rúm 20% svarenda gátu ekki tjáð sig á öðru tungumáli en móðurmáli sínu. Þeir sem sögðust tala önnur tungumál nefndu oftast íslensku og ensku.

Þeir sem fæddir voru í Póllandi gátu síður tjáð sig á fleiri tungumálum en móðurmáli sínu en þeir sem fæddir voru í öðru landi. Um 90% þeirra sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi eða háskólanámi gátu tjáð sig á fleiri tungumálum en móðurmáli sínu á móti um 70% þeirra sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi eða grunnskólanámi. Hér skal athuga að nánast allir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi voru fæddir í Póllandi (sjá bakgrunnstöflu 28 í viðauka 1).

### VIII.2. Íslenskukunnátta innflytjenda

En þá að íslenskukunnáttu og viðhorfum til íslenskukennslu. Stærsti hópurinn, (43%), sagðist hvorki hafa slæman né góðan skilning á íslensku. Um 34% höfðu mjög eða frekar góðan skilning á íslensku og 15% frekar slæman. Svo voru það 8%, eða 18 svarendur, sem höfðu mjög slæman eða nánast engan skilning á íslensku (sjá mynd VIII.2).




Mynd VIII.2. Hversu góðan eða slæman skilning telur þú þig hafa á íslensku?

Þeir sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi eða háskólanámi höfðu í meira mæli mjög eða frekar góðan skilning á íslensku og þeir sem höfðu starfs- eða iðnmenntun voru þeir sem einna helst höfðu mjög eða frekar slæman skilning á íslensku. Þeir sem fæddir voru í öðru landi en Póllandi, Taílandi eða Filippseyjum voru þeir sem hvað helst höfðu mjög eða frekar góðan skilning á íslensku. Þeir sem fæddir voru í Póllandi höfðu umfram aðra mjög eða frekar slæman skilning á íslensku.

Eins og búast mátti við var skilningur á íslensku betri eftir því sem svarendur höfðu búið lengur hér á landi. Þó reyndist ekki munur milli þeirra sem höfðu verið búsettir á Íslandi í þrjú ár til fimm ár og þeim sem höfðu verið á Íslandi í fimm til sjö ár (sjá bakgrunnstöflu 29 í viðauka 1).


Áfram var spurt um íslenskukunnáttu og nú hvernig þátttakendum gengi að tjá sig á íslensku. Einungis 4% töldu sig geta tjáð sig mjög vel á íslensku og 25% frekar vel. Áfram var það stærsti hópurinn sem fannst hvorki ganga vel né illa með íslenskuna (sjá mynd VIII.3).



**Mynd VIII.3. Hversu vel eða illa telur þú þig geta tjáð þig á íslensku?**

Eftir því sem svarendur höfðu lengri skólagöngu að baki því herra hlutfall gat tjáð sig frekar eða mjög vel á íslensku. Þeir sem fæddir voru í Póllandi áttu erfiðast með að tjá sig á íslensku. Það kom ekki á óvart að því lengur sem svarendur höfðu dvalið á Íslandi því færari voru þeir að tjá sig á íslensku (sjá bakgrunnstöflu 30 í viðauka 1).

Flestum fannst frekar eða mjög erfitt (58%) að læra íslensku og mjög fáum, eða 14% fannst auðvelt að læra málið eins og sjá má á mynd VIII.4.



**Mynd VIII.4. Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að læra þá íslensku sem þú kannt?**

Hlutfallslega mun fleiri þeirra sem fæddir voru annars staðar en í Asíu eða Póllandi fannst frekar eða mjög auðvelt að læra þá íslensku sem þeir kunnu (sjá bakgrunnstöflu 31 í viðauka 1).

Þeir ríflega 100 svarendur sem sögðu það hafa verið frekar erfitt eða mjög erfitt að læra íslensku voru beðnir um að forgangsraða nokkrum atriðum um ástæður þess að erfitt væri að læra íslensku. Þá kom í ljós að svarendum þótti helst íslenska vera ólík þeirra móðurmáli, þeir umgengust lítið Íslendinga og áttu erfitt með að mæta á íslenskunámskeið, til dæmis vegna vinnu og fjölskylduáðstæðna (tafla VIII.1).

**Tafla VIII.1. Hvers vegna var erfitt fyrir þig að læra íslensku?**


	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Íslenskan ólík mínu móðurmáli	65	25,2	72,4
Umgengst lítið Íslendinga	37	14,3	42,5
Get sjaldan mætt á íslenskunámskeið	36	14,0	43,9
Skortur á íslenskunámskeiðum	27	10,5	32,3
Íslenskunámskeið kosta of mikið	21	8,1	26,3
Mig vantar kennslubækur	17	6,6	20,3
Heyri íslensku sjaldan talaða	14	5,4	17,0
Mig vantar orðabækur	6	2,3	6,5
Íslenskunámskeið henta mér ekki	12	4,7	14,1
Hef aldrei farið á íslenskunámskeið	10	3,9	10,7
Annað	13	5,0	16,2
<b>Alls</b>	<b>258</b>	<b>100 %</b>	<b>302 %</b>

\* Svarendur voru beðnir að nefna þrjú atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Mikill meirihluta svarenda, (92%), hafði áhuga á að læra íslensku eða læra hana betur. Lítið hlutfall sagðist kunna íslensku nægilega vel (7%) og aðeins 1% hafði ekki áhuga á að læra tungumálið eða læra það betur. Rúmlega 70% svarenda langaði að læra eitthvað annað tungumál en íslensku en þar reyndist ekki munur á svarendum eftir bakgrunni þeirra (sjá bakgrunnstöflu 32 í viðauka 1).

### **VIII.3. Þátttaka innflytjenda í íslenskunámskeiðum**

Eins og sjá má á mynd VIII.5 hafði stór hluti svarenda (82%), sótt námskeið í íslensku og tæplega helmingur þeirra hafði sótt þrjú námskeið eða fleiri.




Mynd VIII.5. Hefur þú sótt námskeið í íslensku, og ef svo er hve mörg?

Hlutfallslega fleiri þeirra sem fæddir voru í Asíu höfðu sótt námskeið í íslensku heldur en þeir sem fæddir voru annars staðar, þó reyndist ekki munur eftir bakgrunni þegar litið var til fjölda sótttra námskeiða (sjá bakgrunnstöflur 34 og 35 í viðauka 1).

Þeir sem ekki höfðu farið á íslenskunámskeið voru beðnir að nefna ástæður fyrir því. Flestir þeirra 44 sem svöruðu nefndu kostnað, að námskeiðin væru of dýr og næstflestir nefndu tímaskort (sjá töflu 10 í viðauka 2).

Rúmlega helmingur svarenda sem höfðu farið á námskeið í íslensku töldu að kennslan á síðasta námskeiði sem þeir fóru á hafi verið frekar eða mjög góð og 20% töldu kennsluna hafa verið frekar eða mjög slæma (sjá mynd VIII.6).




Mynd VIII.6. Hversu góð eða slæm fannst þér kennslan?




Það voru sérstaklega þeir sem fæddir voru í Póllandi sem töldu kennsluna hafa verið frekar eða mjög slæma en þeim sem fæddir voru í Asíu þótti kennslan yfirleitt betri (sjá bakgrunnstöflu 36 í viðauka 1).

Tæplega tveir af hverjum þremur fannst námsefnið á síðasta íslenskunámskeiði sem þeir fóru á frekar eða mjög gott og um 15% taldi það frekar eða mjög slæmt (sjá mynd VIII.7).



Mynd VIII.7. Hversu gott eða slæmt finnst þér námsefnið?

Þau íslenskunámskeið sem svarendur höfðu sótt nýttust þeim alla jafna vel í daglegu lífi en 80% svarenda sögðu námskeiðin hafa nýst sér frekar eða mjög vel (sjá mynd VIII.8).




**Mynd VIII.8. Hversu vel eða illa hefur þér fundist það sem þú lærðir á íslenskunámskeiði/námskeiðum nýtast þér í daglegu lífi?**

Hjá 46% svarenda hafði kennarinn á síðasta íslenskunámskeiði talað ensku í kennslunni.

## IX. Þátttaka innflytjenda í félagsstarfi

Hér verður fjallað um þátttöku í félagsstarfi, hvort sem um ræðir þátttöku í félagi samlanda, félagslífi, trúfélögum eða pólitíska þátttöku.

Eins og sést á mynd IX.1 sögðu 32% svarenda að til væru samtök eða félag samlanda sinna hér á landi. Tæpur helmingur svarenda vissi ekki hvort slík samtök eða félag væri til. Það voru svo 20% sem vissu það fyrir vísit að samtök eða félag samlanda þeirra hér á landi væru ekki til. Af þeim 32% sem vissu til þess að samtök eða félag samlanda væru til hér á landi tók um helmingur þátt í starfi þeirra. Rúmlega helmingur svarenda tók svo þátt í almennu félagslífi af einhverju tagi, til dæmis tómsundastarfi, íþróttum, líkamsrækt, leiklist, kórstarfi eða öðru.




Mynd IX.1. Þátttaka í félagsstarfi og félagslífi, hlutfall þeirra sem svara játandi.

Það voru helst þeir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi sem ekki vissu hvort til væru samtök eða félag samlanda þeirra hér á landi. Þeir sem fæddir voru í Póllandi voru þeir sem síst vissu hvort slík samtök eða félag væri til en yfir helmingur þeirra vissi það ekki og skýrir það að miklu leyti hið stóra hlutfall starfs- og iðnmenntaðra sem ekki vissu hvort samtök væru til eða ekki. Yfir 90% þeirra sem fæddir voru í Asíu vissu hvort samtök eða félag samlanda þeirra hér á landi væru til og svöruðu þeir að slík samtök væru ekki til. Það voru helst þeir sem fæddir voru annars staðar en í Asíu eða Póllandi sem sögðu að til væru samtök eða félag samlanda hér á landi (sjá bakgrunnstöflu 16 í viðauka 1).

Ekki reyndist munur á svörum fólks eftir bakgrunni þegar litið var til þátttöku fólks í starfsemi samtaka samlanda sinna (sjá bakgrunnstöflu 17 í viðauka 1). Þeir sem voru fæddir í Asíu voru þeir sem síst tóku þátt í félagslífi af almennum toga (sjá bakgrunnstöflu 105 í viðauka 1).

### IX.1. Trúarbrögð innflytjenda

Um 65% voru skráðir í trúfélag á Íslandi og flestir þeirra í Kaþólsku kirkjuna. Þau trúfélög sem flokkast sem *annað trúfélag* voru Þjóðkirkjan, Búddistafélag Íslands, Serbneska rétttrúnaðarkirkjan og Rússneska rétttrúnaðarkirkjan (mynd IX.2).




Mynd IX.2. Ert þú skráð(ur) í trúfélag á Íslandi og ef svo er, hvaða trúfélag?

Þeir sem höfðu lokið starfsnámi eða iðnnámi voru mun oftast skráðir í trúfélag en aðrir og sama átti við um svarendur frá Póllandi. Mikill meirihluti svarenda, (88%), gat sótt trúarsamkomur í sínu trúfélagi þar sem þeir bjuggu (sjá bakgrunnstöflu 26 í viðauka 1).

Rúmlega helmingur, (56%), hélt upp á jól samkvæmt íslenskum hefðum í desember 2003. Mikill munur var eftir menntun í þessu efni en þeir sem höfðu grunnskólapróf að baki héldu í 82% tilvika upp á jól en einungis 37% þeirra sem voru með starfsmenntun eða iðnmenntun. Svarendur frá Asíu héldu oftast upp á jól að íslenskum sið en aðrir svarendur og einnig þeir svarendur sem höfðu búið í 7 ár eða lengur á Íslandi (sjá bakgrunnstöflu 27 í viðauka 1).

## IX.2. Pólítísk þátttaka innflytjenda

Eins og sjá má á mynd IX.3 kaus fjórðungur svarenda í síðustu sveitarstjórnarkosningum, í maí 2002. Rúm 20% svarenda hafði einhvern tíma tekið þátt í starfi stjórn málaflokks eða annarra pólítískra samtaka í upprunalandi/heimalandi sínu en aðeins 3% hér á landi.



Mynd IX.3. Pólítísk þátttaka innflytjenda, hlutfall þeirra sem svara játandi.

Þeir sem ekki kusu í síðustu sveitarstjórnarkosningum voru spurðir hvers vegna. Þá kom í ljós að fæstir þeirra 153 sem spurningunni svöruðu höfðu haft kosningarétt hér á landi en einnig var nokkuð stór hluti ekki búsettur á Íslandi á þessum tíma (sjá töflu IX.1).


Tafla IX.1. Hvers vegna kaus þú ekki í sveitarstjórnarkosningunum í maí 2002?

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum*
Ég hafði ekki kosningarétt	96	49,7	62,7
Þjó ekki á Íslandi	26	13,5	17,0
Ég vissi lítið um listana sem voru í framboði	21	10,9	13,7
Ég vissi lítið um málefnið sem kosið var um	20	10,4	13,1
Ég hafði ekki áhuga	14	7,3	9,2
Ég komst ekki á kjörstað	9	4,7	5,9
Annað	7	3,6	4,6
<b>Alls</b>	<b>193</b>	<b>100 %</b>	<b>126 %</b>

\* Svarendur voru beðnir að nefna allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Konur kusu síður í síðustu sveitarstjórnarkosningum og þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð kusu síður en einhleypir. Hlutfallslega fleiri þeirra sem lokið höfðu háskólanámi kusu í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Enginn þeirra sem búsettur hafði verið á Íslandi í innan við fimm ár kaus í seinustu sveitarstjórnarkosningum<sup>4</sup> og töluvert fleiri þeirra sem búið höfðu á landinu í sjö ár eða meira kusu heldur en þeir sem búið höfðu hér í fimm ár og allt að sjö árum (sjá bakgrunnstöflu 18 í viðauka 1).

Þrír af hverjum fjórum töldu að þeir myndu frekar eða mjög líklega kjósa í næstu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006 (sjá mynd IX.4).




**Mynd IX.4. Hversu líklegt eða ólíklegt telurðu að þú kjósir í næstu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006?**

Þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð töldu það líklegra en aðrir að þeir myndu kjósa í næstu sveitarstjórnarkosningum (sjá bakgrunnstöflu 19 í viðauka 1).

Nokkur óánægja var með kynningarmál íslenskra stjórnmalaflokka og framboða en tæpur helmingur svarenda taldi þá standa sig illa í að kynna sig og sín málefni fyrir fólki sem skilur litla íslensku (sjá mynd IX.5).


<sup>4</sup> Innflytjendur þurfa að hafa búið í fimm ár eða lengur til að geta kosið í sveitarstjórnarkosningum.



**Mynd IX.5. Hversu vel eða illa finnst þér almennt séð íslenskir stjórnmaflokkar eða framboð standa sig í að kynna sig og sín málefni fyrir fólki sem skilur litla íslensku?**

Þeir sem fæddir voru í Asíu töldu íslenska stjórnmaflokka eða framboð frekar standa sig vel í að kynna sig og sín málefni heldur en þeir sem fæddir voru annars staðar (sjá bakgrunnstöflu 20 í viðauka 1).

Á heildina litið höfðu svarendur ekki mikinn áhuga á að taka þátt í starfi stjórnmaflokks eða annarra pólitískra samtaka á Íslandi fengu þeir tækifæri til þess. Eins og sjá má á mynd IX.6 höfðu tæpur helmingur svarenda frekar eða mjög lítinn áhuga á að taka þátt í pólitískri starfsemi hér á landi en um 20% höfðu frekar eða mjög mikinn áhuga.




**Mynd IX.6. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að taka þátt í starfi stjórnvalda eða annarra pólitískra samtaka á Íslandi fengir þú tækifæri til þess?**

Tveir af hverjum þremur sem lokið höfðu námi á háskólastigi höfðu frekar eða mjög lítinn áhuga á að taka þátt í starfi stjórnvalda á Íslandi og það voru einna helst þeir sem lokið höfðu grunnskólanámi eða minna sem höfðu frekar eða mjög mikinn áhuga á slíkri þátttöku. Þeir svarendur sem uppruna sinn áttu í Asíu höfðu meiri áhuga á að taka þátt í starfi stjórnvalda eða annarra pólitískra samtaka á Íslandi ef þeir fengju tækifæri til þess en þeir sem áttu uppruna sinn annars staðar (sjá bakgrunnstöflu 22 í viðauka 1).

Eins og mynd IX.7 sýnir telja fáir það líklegt að þeir myndu taka sæti á framboðslista á Íslandi fengju þeir tækifæri til þess, eða 9%.






**Mynd IX.7. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir taka sæti á framboðslista á Íslandi fengir þú tækifæri til þess?**

## X. Nýting innflytjenda á ýmissi þjónustu

Hér verður fjallað um ýmis konar þjónustu sem stendur svarendum til boða. Þessi þjónusta er túlkaþjónusta, þjónusta bókasafna og þjónusta verkalýðsfélaga. Auk þess flokkast undir þjónustu aðstoð við gerð skattframtals. Í þessum kafla er einnig greint frá því hvaðan svarendur treystu best upplýsingum og hvaðan þeir fengju helst upplýsingar um það sem væri að gerast, annars vegar á Íslandi og hins vegar í heimalandi/upprunalandi.


### X.1. Túlkaþjónusta

Á mynd X.1 má sjá að þriðjungur svarenda hafði nýtt sér túlkaþjónustu. Þeir sem nýtt höfðu sér þessa þjónustu voru spurðir hve oft þeir hefðu fengið þjónustu túlks. Ríflega 40% þeirra sem nýtt höfðu sér túlkaþjónustu höfðu gert svo í eitt skipti, önnur 40% höfðu nýtt sér þjónustuna tvisvar eða þrisvar sinnum en tiltölulega lítill hópur hafði nýtt sér þjónustu túlks oftari en þrisvar sinnum.



Mynd X.1. Hefur þú einhvern tíma notfært þér þjónustu túlks og ef svo er, hversu oft?


Mikill minnihluti svarenda hafði kynnt sér í hvaða tilvikum þeir ættu rétt á túlki sér að kostnaðarlausu. Rúmlega fjórðungur vissi ekki að þeir ættu rétt á aðstoð túlks (mynd X.2).



**Mynd X.2. Hefur þú kynnt þér í hvaða tilvikum þú átt rétt á aðstoð túlks hér á Íslandi, þér að kostnaðarlausu?**

Þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð vissu frekar en aðrir að þeir ættu rétt á aðstoð túlks þeim að kostnaðarlausu og höfðu frekar kynnt sér í hvaða tilvikum það átti við. Þeir sem búsettir höfðu verið hér á landi í þrjú ár og allt að sjö árum var sá hópur sem helst vissi um rétt sinn á aðstoð túlks. Þeir sem höfðu verið á Íslandi í fimm ár eða meira höfðu frekar kynnt sér í hvaða tilvikum þeir áttu rétt á aðstoð túlks sér að kostnaðarlausu (sjá bakgrunnstöflu 43 í viðauka 1).

Eins og sjá má á mynd X.3 treysti rúmur helmingur svarenda túlki frekar eða mjög vel til að halda trúnaði yfir þeim upplýsingum sem kæmu fram í samtölum sem túlkuð væru fyrir þá. Innan við 20% svarenda treystu túlkum frekar eða mjög illa.




**Mynd X.3. Hversu vel eða illa treystirðu þú því að túlkur haldi trúnaði yfir þeim upplýsingum sem koma fram í samtölum sem eru túlkuð fyrir þig?**

Spurt var hvort auðvelt væri að fá aðstoð túlks sem talaði móðurmál viðkomandi í bæjarfélagi svaranda og sögðu 44% svarenda svo vera en 56% sögðu það ekki auðvelt.

Þegar farið var til læknis gátu 16% svarenda ekki gert sig skiljanlega án þess að nota túlk og 41% gátu aðeins að hluta til gert sig skiljanlega. Hlutfallslega fæstir þeirra sem fæddir voru í Póllandi gátu gert sig skiljanlega hjá lækni samanborið við þá sem fæddir voru annars staðar. Það voru helst þeir sem lokið höfðu háskólanámi sem gátu að fullu gert sig skiljanlega hjá lækni en þeir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi hvað síst en það skýrist þó af því að þeir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi komu frá Póllandi. Eins og gefur að skilja voru það þeir sem búuð höfðu á Íslandi hvað lengst, eða í fimm ár eða meira, sem einna helst gátu gert sig skiljanlega hjá lækni, hvort sem það var að hluta eða að öllu leyti (sjá bakgrunnstöflu 46 í viðauka 1). Hjá 17% svarenda hafði einhver annar, oftast vinur frá upprunalandi, maki eða ættingjar, túlkað í læknisheimsóknum (sjá töflu 11 í viðauka 2).

## ***X.2. Þjónusta bókasafna***

Rúmur þriðjungur svarenda hafði notfært sér þjónustu bókasafna en flestir sóttu bókasafn einu sinni í mánuði eða sjaldnar (mynd X.4).



**Mynd X.4. Notfærir þú þér þjónustu bókasafns og ef svo er, hversu oft ferð þú á bókasafnið?**


Karlar notfærðu sér síður þjónustu bókasafna en konur og þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð síður en aðrir. Þeir sem lokið höfðu námi á háskólastigi nýttu sér bókasöfn frekar en þeir sem minni menntun höfðu og þeir sem fæddir voru annars staðar en í Asíu eða Póllandi nýttu sér helst þessa þjónustu. Hlutfallslega fleiri þeirra sem búsettir höfðu verið á Íslandi í fimm ár eða meira notfærðu sér þjónustu bókasafna en þeir sem búið höfðu hér á landi í skemmri tíma (sjá bakgrunnstöflu 48 í viðauka 1).

Um það bil 2/3 svarenda höfðu aðgang að *internetinu*. Flestir þeirra höfðu aðgang heima hjá sér (59%) en næst flestir í vinnunni (19%) eða hjá vini eða ættingja (14%) (sjá töflu 12 í viðauka 2).

Þeir sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi eða námi á háskólastigi höfðu frekar aðgang að *interneti* en aðrir og þeir sem fæddir voru í Asíu höfðu síður aðgang en þeir sem fæddir voru annars staðar (sjá bakgrunnstöflu 50 í viðauka 1).

### ***X.3. Þjónusta stéttarfélaga/verkalýðsfélaga***

Um það bil 60% svarenda höfðu kynnt sér þjónustu stéttarfélags/verkalýðsfélags síns. Af þeim höfðu 37% einhvern tíma leitað til stéttarfélagsins/verkalýðsfélagsins eins og sjá má á mynd X.5. Flestir höfðu fengið góða þjónustu en þó voru það um 29% sem töldu sig hafa fengið slæma þjónustu.




**Mynd X.5. Hefur þú leitað til stéttarfélags á Íslandi og ef svo er, fannst þér þú fá góða eða slæma þjónustu frá stéttarfélaginu?**

Þeir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi höfðu hvað síst kynnt sér þjónustu stéttarfélags síns og því styttra sem svarendur höfðu verið búsettir hér á landi því síður höfðu þeir kynnt sér þjónustu stéttarfélagsins síns (sjá bakgrunnstöflu 86 í viðauka 1).

Þeir sem ekki höfðu leitað til stéttarfélags/verkalýðsfélags síns voru spurðir hvers vegna. Um það bil 60% sögðu að þeir hefðu ekki þurft á því að halda og um 30% höfðu ekki haft vitneskju um hvaða þjónustu þeir gætu fengið þar. Mjög fáir sögðust ekki treysta stéttarfélaginu/verkalýðsfélaginu eða að tungumálaerfiðleikar hefðu komið í veg fyrir að þeir leituðu þangað.

#### ***X.4. Skattaskýrsla og upplýsingar***


Mjög margir fengu aðstoð við að fylla út skattaskýrslu sína og var sú aðstoð til dæmis frá endurskoðendum og vinnufélögum (Mynd X.6).



Mynd X.6. Sást þú sjálf(ur) um að útbúa skattaskýrsluna þína á þessu ári?  
Ef ekki, hver útbjó hana með þér/fyrir þig?

Fleiri konur en karlar höfðu gert skattaskýrsluna sjálfar og svarendur með háskólamenntun gerðu skýrsluna oftast sjálfir. Svarendur sem komu frá öðrum svæðum en Asíu og Póllandi gerðu skattaskýrslu sína mun oftast sjálfir (sjá bakgrunnstöflu 97 í viðauka 1).

Yfir helmingur svarenda treysti best upplýsingum frá opinberum aðilum eða öðrum félagsamtökum eins og sjá má í töflu X.7 og stór hluti, eða 30%, treysti þeim best ef þær komu frá samlöndum.



Mynd X.7. Frá hverjum treystir þú best upplýsingum?

Í framhaldi af þessu voru þátttakendur spurðir hvaðan þeir fengju helst upplýsingar um hvað væri að gerast á Íslandi og í heimalandi/upprunalandi þeirra. Sjónvarpið og vinnufélagar áttu stærstan þátt varðandi upplýsingar um íslenska atburði en ættingjar og vinir komu þar á eftir (tafla X.1).

**Tafla X.1. Hvaðan færðu upplýsingar um hvað er að gerast á Íslandi?**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Í sjónvarpi	136	19,3	64,5
Hjá vinnufélögum	106	15,1	50,2
Hjá ættingjum og vinum	95	13,5	45,0
Í blöðum og tímaritum	89	12,6	42,2
Í útvarpi	87	12,4	41,2
Á textavarpinu	71	10,1	33,6
Á internetinu	60	8,5	28,4
Hjá öðrum innflytjendum	46	6,5	21,8
Annars staðar	8	1,1	3,8
Fylgist ekki með	6	0,9	2,8
<b>Alls</b>	<b>704</b>	<b>100,0%</b>	<b>333,5%</b>

\* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Svipað var uppi á teningnum með upplýsingar frá heimalandi/upprunalandi en sjónvarpið átti þar stærstan þátt og svo ættingjar og vinir. Hlutfallslega færri fengu upplýsingar frá vinnufélögum um hvað væri að gerast í heimalandi þeirra en um hvað var að gerast á Íslandi. Í upplýsingaöflun um heimaland skipti *internetið* meira máli en vegna upplýsinga á Íslandi (tafla X.2).

**Tafla X.2. Hvaðan færðu upplýsingar um hvað er að gerast í heimalandi þínu?**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Í sjónvarpi	137	25,1	65,2
Hjá ættingjum og vinum	123	22,6	58,6
Á internetinu	101	18,5	48,1
Hjá vinnufélögum	61	11,2	29,0
Í blöðum og tímaritum	59	10,8	28,1
Í útvarpi	42	7,7	20,0
Annars staðar	19	3,5	9,0
Fylgist ekki með	3	0,6	1,4
<b>Alls</b>	<b>545</b>	<b>100,0%</b>	<b>259,4%</b>


\* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.



## XI. Atvinna innflytjenda

Í þessum kafla eru niðurstöður úr spurningum er varða atvinnu svarenda, í upprunalandi/heimalandi þeirra, hér á Íslandi ásamt því sem spurt var um ýmis vinnuskilyrði, svo sem viðhorf til vinnunnar, vinnutíma, starfstengda símenntun og fleira.


Meirihluti svarenda var virkur á vinnumarkaði eða stundaði nám síðustu þrjú mánuði áður en þeir komu til Íslands (74%). Á mynd XI.1 má sjá að 26% svarenda voru ekki í launaðri vinnu eða námi áður en þeir fluttust til Íslands. Rúmur helmingur þeirra var atvinnulaus. Á heildina litið voru því rúm 16% svarenda atvinnulaus á síðustu þremur mánuðum áður en þeir fluttust til Íslands.



**Mynd XI.1. Ef þú varst ekki í launaðri vinnu eða í námi á síðustu þremur mánuðum áður en þú fluttir til Íslands, varstu heimavinnandi, í fæðingarorlofi, atvinnulaus eða frá vinnu vegna veikinda?**

Konur voru síður en karlar í vinnu eða námi á síðustu þremur mánuðum áður en þær fluttu til Íslands (sjá bakgrunnstöflu 63 í viðauka 1).

Þeir sem voru virkir á vinnumarkaði í heimalandi/upprunalandi sínu voru beðnir að nefna sitt aðalstarf þar. Á mynd XI.2 sést að töluvert margir gegndu sérhæfðum störfum, einungis um 8% nefndu ósérhæft starf og 16% störf við afgreiðslu og þjónustu.




**Mynd XI.2. Hvert var þitt aðalstarf áður en þú komst til Íslands?**

Í um það bil þriðjungi tilvika voru þessi störf við verslun og þjónustu, 10% höfðu starfað innan menntakerfis viðkomandi lands og 8% í byggingariðnaði (nánari skiptingu atvinnugreina má sjá í töflu XI.1)

Mjög stór hluti svarenda, eða 93%, voru á vinnumarkaði á Íslandi þegar þeir svöruðu könnuninni. Af þeim voru um það bil 6% einnig í námi hér á landi. Þeir 15 svarendur sem ekki voru á vinnumarkaði sögðu ástæður þess vera að þeir væru heimavinnandi, í fæðingarorlofi eða af öðrum ástæðum. Atvinnuleysi var nær óþekkt.

Á mynd XI.3 má sjá hvers konar störf svarendur unnu hér á landi, í samanburði við þau störf sem þeir höfðu í heimalandi/upprunalandi sínu. Hér má sjá að á þessum hlutföllum er töluverður munur, sérstaklega vinna margir ósérhæfð störf hér á Íslandi, eða 50% svarenda á móti 8% í heimalandi/upprunalandi.



Mynd XI.3. Hvert var þitt aðalstarf áður en þú komst til Íslands og hvert er þitt aðalstarf á Íslandi í dag?


Yfir helmingur þeirra sem voru í afgreiðslu- eða þjónustustarfi í heimalandi sínu voru í ósérhæfðu starfi á Íslandi þegar könnunin var gerð. Innan við 10% þeirra héldu áfram að starfa við afgreiðslu eða þjónustu. Tveir af hverjum þremur sem voru í sérhæfðu starfi eða tæknistarfi í heimalandi sínu voru í ósérhæfðu starfi á Íslandi en enginn þeirra hélt áfram í sérhæfðu starfi eða tæknistarfi eftir komu hingað til lands. Um fjórðungur þeirra sem störfuðu sem sérfræðingar áður en þeir fluttust til Íslands voru í ósérhæfðu starfi þegar könnunin var gerð en ríflega 60% héldu áfram að starfa sem sérfræðingar.

Í töflu XI.1 má sjá fjölda þeirra sem störfuðu í hverri atvinnugrein fyrir sig áður en flutt var til Íslands samanborið við fjölda þeirra sem starfa í atvinnugreininni á Íslandi í dag. Rúmlega 75% svarenda starfaði við fiskvinnslu, fiskveiðar eða hvort tveggja á Íslandi en aðeins tveir einstaklingar störfuðu við fiskvinnslu áður en þeir fluttu til Íslands. Enginn starfaði við fiskveiðar áður en til Íslands var komið. Nánast þriðjungur starfaði við verslun eða þjónustu áður í heimalandi sínu en innan við 5% starfar við afgreiðslu eða þjónustu á Íslandi.

**Tafla XI.1. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfaðir hjá síðustu þrjú mánuðina áður en þú komst til Íslands og í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið sem þú starfar hjá á Íslandi?**

	<i>Fjöldi í heimalandi</i>	<i>Fjöldi á Íslandi</i>	<i>Hlutfall í heimalandi</i>	<i>Hlutfall á Íslandi</i>
Fiskvinnslu	2	105	1,4	52,5
Fiskveiðum	0	38	0,0	19,0
Fiskveiðum og fiskvinnslu	0	9	0,0	4,5
Í menntageiranum	15	14	10,1	7,0
Verslun/þjónustu	45	9	30,4	4,5
Byggingariðnaði	12	4	8,1	2,0
Í heilbrigðisgeiranum	10	4	6,8	2,0
Í annarri opinberri þjónustu	5	4	3,4	2,0
Landbúnaði	7	1	4,7	0,5
Upplýsinga- og þekkingariðnaði	8	1	5,4	0,5
Samgöngum, t.d. í flutningum eða vegagerð	6	0	4,1	0,0
Bankar, tryggingafyrirtæki, fjármálastofnanir	3	0	2,0	0,0
Annarri atvinnugrein	35	11	23,6	5,5
<b>Alls</b>	<b>148</b>	<b>200</b>	<b>100%</b>	<b>100 %</b>

En þá að starfsreynslu. Tæpur helmingur svarenda hafði unnið á núverandi vinnustað í þrjú ár eða skemur (mynd XI.4). Að meðaltali var starfsreynsla svarenda 3,5 ár.



**Mynd XI.4. Hversu lengi hefur þú unnið á núverandi vinnustað?**

Þeir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi eða bóklegu framhaldsskólanámi höfðu að jafnaði unnið lengur en eitt ár á núverandi vinnustað en aðrir. Hlutfallslega flestir þeirra sem höfðu háskólamenntun að baki höfðu starfað á sama vinnustað í sjö ár eða meira (sjá bakgrunnstöflu 66 í viðauka 1).

Eins og sjá má á töflu XI.2 voru heildartekjur heimilisins hjá tveimur af hverjum þremur 150 þús. krónur eða minna í mánuðinum áður en könnuninni var svarað. Einungis 5% heimila höfðu 300 þús. kr. eða hærri heildartekjur fyrir heimilið.

**Tafla XI.2. Hversu miklar voru heildartekjur heimilisins á Íslandi alls í síðasta mánuði, svona um það bil, fyrir skatt?**


	<i>Fjöldi</i>	<i>HLutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Minni en 100 þús. krónur	57	26,6	32,8
100 þús. til 150 þús. krónur	54	25,2	31,0
150 þús. til 200 þús. krónur	24	11,2	13,8
200 þús. til 250 þús. krónur	16	7,5	9,2
250 þús. til 300 þús. krónur	13	6,1	7,5
300 þús. til 350 þús. krónur	3	1,4	1,7
350 þús. til 400 þús. krónur	4	1,9	2,3
400 þús. til 450 þús. krónur	1	0,5	0,6
450 þús. til 500 þús. krónur	1	0,5	0,6
Meira en 500 þús. krónur	1	0,5	0,6
Veit ekki	20	9,3	
Svarar ekki	20	9,3	
<b>Alls</b>	<b>214</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

Eins og við var að búast voru heildartekjur heimilisins hjá þeim sem ekki voru í hjónabandi eða sambúð lægri en þeirra sem voru í hjónabandi eða sambúð. Heildartekjur á heimilum þeirra sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi eða starfs- eða iðnnámi voru hærri en þeirra sem ekki höfðu lokið námi umfram grunnskólanám og heildartekjur á heimilum þeirra sem lokið höfðu háskólanámi voru ennþá hærri. Heildartekjur þeirra sem fæddir voru annars staðar, en í Póllandi eða Asíu, höfðu að jafnaði hærri en annarra (sjá bakgrunnstöflu 106 í viðauka 1).

### ***XI.1. Nánar um starf innflytjenda á Íslandi***

Einungis 7% svarenda höfðu sjálfir útvegað sér þá vinnu sem þeir stunduðu um þessar mundir. Þeir sem oftast nær höfðu aðstoðað svarendur við öflun atvinnu voru ættingjar eða vinir úr upprunalandi/heimalandi en þar á eftir kom maki og svo vinir á Íslandi. Einungis í um það bil 4% tilvika hafði svarandi fengið vinnuna með aðstoð ráðningarstofu eða vinnumiðlunar (sjá töflu 15 í viðauka 2).

Meirihluti svarenda reyndist mjög eða frekar ánægður með starf sitt eins og sjá má á mynd XI.5.



**Mynd XI.5. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í því starfi sem þú ert í um þessar mundir?**

Þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð voru að jafnaði ánægðari í því starfi sem þeir gegndu um þessar mundir en þeir sem ekki voru í hjónabandi eða sambúð. Starfs- eða iðnmenntaðir og þeir sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi voru síður ánægðir í starfi sínu en grunnskólamenntaðir og háskólamenntaðir. Þeir voru þó ekki í meira mæli óánægðir heldur lá munurinn einna helst í því hve margir þeirra voru hvorki ánægðir né óánægðir. Þeir sem fæddir voru í Póllandi voru síður ánægðir í starfi sínu en þeir sem fæddir voru annars staðar en þeir voru í meira mæli hvorki ánægðir né óánægðir en aðrir (sjá bakgrunnstöflu 68 í viðauka 1).

Spurt var um vinnutíma á viku og var hann að meðaltali 41 klukkustund en svarendur unnu allt frá 10 klukkustundum á viku til 110 klukkustunda.

Um það bil 59% sagðist hafa verið beðnir um að vinna yfirvinnu á síðastliðnum mánuði og nær allir tóku að sér umbeðna yfirvinnu. Mjög fáir sögðust óttast atvinnumissi ef þeir neituðu að vinna yfirvinnu.

Konur höfðu síður verið beðnar að vinna yfirvinnu en karlar. Þeir sem búið höfðu á Íslandi skemur en þrjú ár eða í sjö ár eða lengur virtust öruggastir um starf sitt og óttuðust síður atvinnumissi ef þeir neituðu að vinna yfirvinnu en þeir sem verið höfðu hér á landi í þrjú ár til sjö ár (sjá bakgrunnstöflu 69-70 í viðauka 1).

Flestir töldu laun sín vera svipuð og hjá öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum á vinnustað þeirra. Um 8% töldu sig hafa betri laun en sambærilegir

starfsmenn en 24% töldu launakjör sín heldur verri eða mun verri en annarra í sambærilegum störfum á vinnustaðnum.


Lágt hlutfall, eða 14% svarenda, hafði tekið veikindadaga í mánuðinum áður en þeir svöruðu könnuninni og höfðu þeir að meðaltali tekið 3 veikindadaga í þeim mánuði. Þeir sem verið höfðu á Íslandi í innan við þrjú ár eða í sjö ár eða lengur tóku sér síður veikindadaga en aðrir (sjá bakgrunnstöflu 71 í viðauka 1).

Tveir af hverjum þremur tóku sumarfrí á árinu 2003, að jafnaði í 43 daga. Konur tóku sér frekar sumarfrí en karlar og þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð frekar en þeir sem ekki voru í hjónabandi eða sambúð. Fólk sem fætt var í Póllandi tók sér frekar sumarfrí en þeir sem fæddir voru annars staðar og þeir sem höfðu verið á Íslandi í innan við þrjú ár tóku mun síður sumarfrí á árinu 2003 en þeir sem höfðu verið hér á landi lengur í þrjú ár eða lengur (sjá bakgrunnstöflu 72 í viðauka 1).

Þriðjungur svarenda vildi taka sér sumarfrí utan hefðbundins sumarleyfistíma og voru það einna helst þeir sem fæddir voru í Asíu. Þeir sem búið höfðu hér á landi í sjö ár eða lengur voru þeir sem síst höfðu áhuga á því að taka sumarfrí utan hefðbundins sumarleyfistíma (sjá bakgrunnstöflu 73 í viðauka 1).

## ***XI.2. Ráðningarsamningar innflytjenda***

Þegar spurt var um ráðningarsamninga kom í ljós að 80% höfðu skrifað undir ráðningarsamning í núverandi starfi. Það var athyglisvert að mjög margir, eða 62%, höfðu ekki skilið samninginn að hluta til eða öllu leyti (mynd XI.6).




**Mynd XI.6. Hefur þú skrifað undir ráðningarsamning í núverandi starfi og ef svo er, skildir þú hvað þú skrifaðir undir?**

Þeir sem búið höfðu á Íslandi í sjö ár eða lengur höfðu síður en aðrir skrifað undir ráðningarsamning (sjá bakgrunnsbreytu 74 í viðauka 1). Svarendur sem fæddir voru í Póllandi skildu síst hvað þeir skrifuðu undir þegar þeir skrifuðu undir ráðningarsamning og því lengur sem svarendur höfðu verið búsettir á Íslandi því frekar skildu þeir ráðningarsamninginn sem þeir skrifuðu undir. Þeir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi skildu síst hvað þeir skrifuðu undir þegar þeir skrifuðu undir sinn ráðningarsamning en það er vegna þess að það voru þeir sem fæddir voru í Póllandi. Það voru helst þeir sem lokið höfðu háskólanámi sem skildu allt sem þeir skrifuðu undir (sjá bakgrunnstöflu 75 í viðauka 1).

### ***XI.3. Erfiðleikar á vinnustað***


Nokkuð ítarlega var spurt um erfiðleika og deilur á vinnustað. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda hafði aldrei lent í deilum á vinnustað sínum á síðustu sex mánuðum. Algengast var að deilurnar væru milli samstarfsfólks eins og sjá má á mynd XI.7.



**Mynd XI.7. Hefur þú verið þátttakandi í deilum á núverandi vinnustað, á síðustu 6 mánuðum?**

Mjög fáir höfðu orðið fyrir stríðni eða hæðni á vinnustað, í þeim tilvikum sem slíkt átti sér stað var það yfirleitt af hendi samstarfsfólks (mynd XI.8).





**Mynd XI.8. Hefur ú orðið fyrir óþægilega mikilli stríðni eða hæðni á núverandi vinnustað, á síðustu 6 mánuðum?**

Alvarlegri atvik, svo sem hótanir um líkamlegt ofbeldi/valdbeitingu eða framkvæmd slíkra hótana, voru mjög sjaldgæf eða um 1%. Enginn hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað, á síðustu 6 mánuðum.

Þegar á heildina er litið sögðust um það bil 28% hafa lent í einhvers konar erfiðleikum á vinnustað frá því þeir hófu störf. Þeir sem búið höfðu á Íslandi í innan við þrjú ár höfðu síður lent í erfiðleikum en þeir sem búsettir höfðu verið hér á landi í lengri tíma (sjá bakgrunnstöflu 82 í viðauka 1). Flestir þeirra 55 sem lent höfðu í erfiðleikum höfðu í framhaldi af erfiðleikunum leitað til yfirmanna, samstarfsfólks eða verkalýðsfélaga og oft var leitað til fleiri en eins aðila eins og sjá má í töflu XI.3.


**Tafla XI.3. Hvert leitaðir þú eftir aðstoð þegar þú hafðir lent í erfiðleikum á vinnustað?**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Til verkstjóra/yfirmanna	20	23,8	36,4
Til samstarfsfólks	16	19,0	29,1
Til verkalýðsfélaga	15	17,9	27,3
Til vina/ættingja/fjölskyldumeðlima	11	13,1	20,0
Til Fjölmenningsseturs	4	4,8	7,3
Til Alþjóðahúss	2	2,4	3,6
Til annarra	3	3,6	5,5
Leitaði ekki eftir aðstoð	13	15,5	23,6
<b>Alls</b>	<b>84</b>	<b>100,0%</b>	<b>152,8%</b>

\* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.


#### ***XI.4. Nýting menntunar í starfi og símenntun***

Áður hefur verið fjallað um menntun svarenda (sjá kafla IV.2). Mjög hátt hlutfall svarenda, eða 88%, taldi menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi. Á mynd XI.10 má einnig sjá að svarendur töldu helstu ástæðu fyrir því vera að þá skorti meiri kunnáttu í íslensku en einnig fannst mörgum þeir ekki hafa fengið vinnu við hæfi.




**Mynd XI.9. Hefur þú verið í starfi á Íslandi þar sem menntun þín nýtist? Ef ekki, hvers vegna?**

Mikill meirihluti svarenda, 84%, hafði ekki reynt að fá menntun sína metna hér á landi og þeir sem höfðu reynt það voru yfirleitt svarendur með háskólamenntun að baki. Þegar þátttakendur voru spurðir um áhuga á frekara námi kom í ljós að margir höfðu áhuga á því eins og sjá má á mynd XI.11. Flestir höfðu hug á einhverju sem ekki tengdist fyrra námi eða störfum en annars höfðu svarendur fjölbreyttar hugmyndir.



Mynd XI.10. Hefur þú áhuga á frekara námi, og ef svo er hvað myndi slíkt nám þá fela í sér?

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu sótt námskeið, ráðstefnur eða námsstefnur vegna starfs síns eða til að auka möguleika sína á vinnumarkaði. Rétt um helmingur svaraði því játandi og höfðu flestir af þeim sótt eitt slíkt námskeið (mynd XI.12). Íslenskunámskeið voru ekki talin með.




Mynd XI.11. Hefur þú sótt einhver námskeið, ráðstefnur og/eða námsstefnur síðan þú hófst störf á Íslandi, vegna þess starfs sem þú ert í eða til að auka möguleika þína á vinnumarkaði? Ef svo er, hve mörg á síðastliðnum 12 mánuðum?

Svarendur frá Asíulöndum höfðu sjaldnar sótt námskeið í þessum tilgangi en aðrir og eftir því sem dvöl á Íslandi var lengri því líklegra var að svarendur hefðu sótt námskeið eða ráðstefnur (sjá bakgrunnstöflu 90 í viðauka 1). Mjög margir (85%) höfðu fengið námskeiðskostnaðinn endurgreiddan að hluta til eða öllu leyti frá stéttarfélagi eða verkalýðsfélagi sínu.

### ***XI.6. Áhugi á að hefja rekstur á eigin fyrirtæki***

Nokkuð margir, eða 39%, höfðu áhuga á því að hefja eigin rekstur. Yfirleitt voru það fyrirtæki í verslun og þjónustu sem svarendur höfðu áhuga á að stofna en einnig höfðu töluvert margir hug á veitingahúsarekstri (mynd XI.9).



**Mynd XI.9. Hefur þú áhuga á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki, og ef svo er hvers konar rekstur eða fyrirtæki?**

Karlar höfðu frekar áhuga en konur á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki. Þeir sem búið höfðu á Íslandi í innan við þrjú ár eða í sjö ár eða lengur höfðu hvað síst áhuga á að hefja eigin rekstur (sjá bakgrunnstöflu 83 í viðauka 1).

Um það bil 12% höfðu hafið undirbúning að stofnun fyrirtækis.

## **XII. Viðauki 1**

### Bakgrunnstöflur

**Tafla 1. Í hvaða landshluta bjóst þú fyrst eftir að þú fluttir til Íslands?**

	<i>Austurlandi</i>	<i>Vestfirðum</i>	<i>Annars staðar</i>	<i>Fjöldi</i>
<b>Kyn</b>				
Karlar	34,8%	53,6%	11,6%	69
Konur	29,9%	49,3%	20,9%	134
<b>Í hjónabandi/sambúð</b>				
Já	32,9%	49,3%	17,8%	146
Nei	25,5%	54,5%	20,0%	55
<b>Menntun</b>				
Grunnskólanám eða minna	23,1%	51,9%	25,0%	52
Starfsnám/iðnnám	29,3%	60,3%	10,3%	58
Bóklegt framhaldsskólanám	46,9%	34,4%	18,8%	32
Nám á háskólastigi	33,3%	45,8%	20,8%	48
<b>Fæðingarland</b>				
Pólland	33,3%	54,2%	12,5%	120
Asía	32,7%	38,5%	28,8%	52
Annað land	30,3%	48,5%	21,2%	33
<b>Tími á Íslandi samfleytt</b>				
Innan við þrjú ár	42,1%	36,8%	21,1%	38
Frá þremur árum og allt að fimm árum	40,5%	52,4%	7,1%	42
Frá fimm árum og allt að sjö árum	22,7%	61,4%	15,9%	44
Sjö ár eða meira	27,7%	49,2%	23,1%	65

**Tafla 2. Í hvaða landshluta býrð þú núna?**

	<i>Austurlandi</i>	<i>Vestfirðum</i>	<i>Annars staðar</i>	<i>Fjöldi</i>
<b>Kyn</b>				
Karlar	34,8%	58,0%	7,2%	69
Konur	36,5%	54,0%	9,5%	137
<b>Í hjónabandi/sambúð</b>				
Já	37,8%	54,7%	7,4%	148
Nei	30,4%	57,1%	12,5%	56
<b>Menntun (óg)</b>				
Grunnskólanám eða minna	24,5%	62,3%	13,2%	53
Starfsnám/iðnnám	34,5%	62,1%	3,4%	58
Bóklegt framhaldsskólanám	43,8%	40,6%	15,6%	32
Nám á háskólastigi	43,8%	50,0%	6,3%	48
